



Vestfjarðastofa



Á krossgötum

Sviðsmyndir um mögulega
þróun atvinnu- og mannlífs
á Vestfjörðum árið 2035

Höfundar:

Karl Friðriksson hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Framtíðarsetri Íslands
og Sævar Kristinsson hjá KPMG

Yfirlestur Arna Lára Jónsdóttir

Verkkaupi: Vestfjarðastofa

Útgefandi: Framtíðarsetur Íslands

Prófarkalestur: Jökull Sævarsson

Hönnun og umbrot: Prentmet

Ljósmyndir: Haukur Sigurðsson, Vestfjarðastofa, Hjörleifur Jónsson og fleiri

Útgefið maí 2019

ISBN 978-9935-463-21-0

Efnisyfirlit

- 5 Formáli
- 7 Samantekt
- 9 Um verkefnið
- 11 Staðan í atvinnulífi Vestfjarða
 - 13 Sveitarfélög
 - 14 Íbúaþróun
 - 17 Innviðir – grunnur samkeppnishæfni
 - 19 Tækifæri til að snúa vörn í sókn?
 - 19 Fiskeldi – umhverfisvænn matvælaíðnaður
 - 21 Ferðaþjónusta
 - 23 Atvinnu- og félagsleg umskipti
 - 25 Umhverfismál, sjálfbærni og auðlindanýting
 - 26 Hugsanlegar tækni- og samfélagsbreytingar
- 29 Spurningar um stöðu byggðar og mannlífs 2035
- 31 Sviðsmyndir, vinnuferlið og þróunin
 - 31 Hvað eru sviðsmyndir?
 - 31 Hvernig er vinnuferlið?
- 32 Sviðsmyndir um þróun atvinnu- og mannlífs á Vestfjörðum árið 2035
 - 32 Mikilvægir óvissuþættir og drifkraftar
 - 34 Að byggja upp getu til framfara
 - 35 Grunngerð sviðsmyndanna
- 37 Yfirlit sviðsmynda
 - 37 Sviðsmyndir til ársins 2035
 - 38 Vestfirski þjóðgarðurinn
 - 40 Aftur til fortíðar
 - 42 Vestfirðir í sókn
 - 44 Vestfirsk seigla
- 46 Samanburður áhrifapátta eftir sviðsmyndum
- 47 Nýting sviðsmynda
 - 47 Að meta og velja stefnu
 - 47 Að fá heildstæða mynd af upplýsingum um framtíðina
 - 47 Að kanna og koma auga á nýja framtíðarmöguleika
 - 48 Að koma af stað og örva skapandi umræðu.
- 49 Spáðu um þróunina
- 51 Viðaukar
 - 52 V1 : Samfélag á tímamótum – tilvísanir og viðhorf viðmælenda
 - 54 V2 : Viðbótarefni frá vefkönnun
 - 57 V3 : Viðbótarefni frá vefkönnun
 - 58 V4 : Þátttakendur í verkefninu



Formáli

Framtíð Vestfjarða er björt – ef rétt er gefið

Framtíðin er spennandi. Óskrifað blað sem er okkar að móta.

Við stöndum á krossgötum í svo fjölbreyttum skilningi. Sem landshluti, sem þjóð, sem íbúar í heimi sem breytist ört. Loftslagsmál, umhverfismál og tæknibreytingar hafa mikil áhrif um allan heim. Líka á Vestfjörðum.

Tilgangur sviðsmyndagreiningar er að setja í samhengi orsakir og afleiðingar ákvarðana og aðgerða, greina helstu áhættuþætti sem geta staðið þróun svæðisins fyrir þrifum.

Sviðsmyndirnar sem hér eru settar fram sýna að atvinnu- og mannlíf svæðisins getur þróast í ólíkar áttir, allt eftir því hvaða ákvarðanir vera teknar og til hvaða aðgerða verður gripið á næstu árum.

Skortur á samkeppnishæfum innviðum gera aðgerðir hins opinbera annan helsta drifkraft þróunar Vestfjarða. Því miður er aðgerðarleysi ákvörðun sem alltof oft hefur verið tekin í málefnum Vestfjarða, vonir standa til að breytingar séu að verða þó ekki sé allt í hendi í þeim efnum.

Það er von okkar hjá Vestfjarðastofu að sviðsmyndir af mögulegri þróun Vestfjarða til ársins 2035 séu lóð á vogarskálarnar til að styðja sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga til að móta framtíðarsýn, greina tækifæri og áhættu og móta aðgerðir til framtíðar.

Fyrir hönd Vestfjarðastofu vil ég þakka öllum þeim sem komið hafa að vinnu við mótun sviðsmyndanna fyrir þeirra framlag. Karli Friðrikssyni, Örnunni Láru Jónsdóttur og Sævari Kristinssyni þakka ég samstarfið.

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir
Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu



Samantekt

Óhætt er að segja að atvinnu- og mannlíf á Vestfjörðum standi á tímamótum. Í sjónmáli er bylting í samgöngum svæðisins með opnun Dýrafjarðarganga árið 2020, nýs vegar um Gufudalssveit og Dynjandisheiði sem eru á samgönguáætlun. Uppbygging í fiskeldi og fyrirhuguð ný orkuframleiðsla og úrbætur í raforkukerfi geta skapað svæðinu sterkari samkeppnisstöðu.

Enn er þó óvissa um að innviðauppbýgging verði nægilega hröð svo sem á sviði samgangna, orkumála og mennta- og heilbrigðismála til að svæðið nái vopnum sínum. Einnig eru ýmsar blikur á lofti um framvindu í hefðbundnum atvinnugreinum, áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar og uppbyggingu nýrra greina svo sem fiskeldis og nýtingu annarra náttúruauðlinda við strendur Vestfjarða.

Erum við í stakk búin að bregðast við breyttum forsendum?

Uppbygging fiskeldis hefur haft veruleg áhrif á þróun byggða á sunnanverðum Vestfjörðum og ef áform ná fram mun atvinnugreinin hafa stórbrotin áhrif á atvinnu- og mannlíf. Jafnframt eru við sjónarröndina tækifæri á sviði ferðaþjónustu í kjölfar stórbættra samgangna og nýtingu náttúruauðæfa við strendur Vestfjarða, svo sem þang, þara og kalkþörungna auk annarra eldistegunda.

Til að meta hvernig atvinnu- og mannlíf á Vestfjörðum gæti þróast var ákveðið að rýna tvo lykildrífkrafta. Annar fjallar um aðkomu stjórnvalda og hinn fjallar um hvernig þekking á svæðinu þróast. Aðkoma stjórnvalda getur verið mikil eða lítil og þekkingarstig getur aukist eða minnkað. Ljóst er að aðkoma stjórnvalda getur lyft grettistaki við uppbyggingu eða beinlínis dregið út þrótti heimamanna. Þekkingarstig innan fyrirtækja og stofnana hefur sömuleiðis veruleg áhrif á hvort hægt sé að byggja upp nýskapandi og sjálfbært samfélag.

Fjórar sviðsmyndir voru dregnar fram um hugsanlega stöðu atvinnu- og mannlífs á Vestfjörðum árið 2035.

Vestfirski þjóðgarðurinn

Í sviðsmyndinni **Vestfirski þjóðgarðurinn** er fjölskrúðugt menningar- og listalíf sem nýtur opinbers stuðnings. Lítið er um fullvinnslu afurða enda er krafa um framhaldsmenntun lægri en í öðrum greinum. Ferðaþjónusta á svæðinu er umtalsverð en fiskeldi hefur lagst af. Hægfara fækkun íbúa.

Aftur til fortíðar

Í sviðsmyndinni **Aftur til fortíðar** eru Vestfirðir þekktir fyrir fjölmenningu, íbúum hefur almennt farið fækkandi og byggðir eru brothættar. Opinberum störfum hefur fækkað og þar með er samdráttur í grunnþjónustu. Byggðakjarnar eru fámennir en einkennast af samstöðu íbúa.

Vestfirðir í sókn

Í sviðsmyndinni **Vestfirðir í sókn** hefur skapast öflugt alþjóðlegt atvinnu- og mannlíf á Vestfjörðum. Mannlíf er gróskumikið og nýsköpun og tækniþróun einkennir atvinnulífið. Þrátt fyrir aukna velferð þá eru ekki allir á eitt sáttir við hinn öra vöxt sem einkennir öll svið samfélagsins.

Vestfirsk seigla

Sviðsmyndin **Vestfirsk seigla** byggir á öflugri vestfirskri menningu og sterkri sjálfsmýnd. Þrátt fyrir sinnuleysi stjórnvalda hafa fyrirtæki og stofnanir unnið saman við að byggja upp innviði og getu til nýsköpunar. Þrautseigja og lausnamiðuð sjónarmið einkenna mannlífið.



Um verkefnið

Aðdragandi og fyrirkomulag


Vestfjarðastofa óskaði eftir að Framtíðarsetur Íslands með aðkomu frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands ynni að sviðsmyndaverkefni fyrir Vestfirði þar sem skoðuð væri hugsanleg þróun á atvinnu- og mannlífi á Vestfjörðum fram til ársins 2035. Mótaður var stýrihópur fyrir verkefnið og verkáætlun sett fram.

Í tengslum við verkefnið var gerð netkönnun meðal hagaðila á Vestfjörðum þar sem aflað var viðhorfa til einstakra þátta verkefnisins. Könnunin var einnig opin á vefsvæðum einstakra sveitarfélaga fyrir alla þá sem vildu koma viðhorfum sínum á framfæri um þróun atvinnu- og mannlífs næstu árin. Tekin voru viðtöl við lykilaðila innan svæðisins um einstök mál. Í kjölfarið voru haldnar tvær vinnustofur til að draga fram meginstrauma og drifkrafta í þróun atvinnu- og mannlífs á Vestfjörðum og voru þeir nýttir sem grunnur að þeim sviðsmyndum sem hér eru settar fram.

Alls tóku um 200 aðilar þátt í netkönnuninni, sem telja má mjög góða þátttöku. Tekin voru viðtöl við 15 aðila víðsvegar af svæðinu. Á vinnustofur verkefnisins mættu um 80 þátttakendur og má í viðauka sjá lista yfir þá.

Leggur strandbúnaður grunn að velferð Vestfjarða?

Hvenær hentar betur að nota sviðsmyndir frekar en að framreikna þróun?



Hægt er að framreikna hugsanlega þróun ef stöðugleiki einkennir samfélög. Sviðsmyndir eru hins vegar öflug aðferð þegar fjölmargir óvissuþættir blasa við og líklegt er að fortíðin muni ekki endurspegla framtíðina.



Staðan í atvinnulífi Vestfjarða

Atvinnulíf á Vestfjörðum hefur mátt þola mikil áföll á undanförunum árum og í kjölfar áfalla í atvinnulífi fækkaði fólki á svæðinu. Sjávarútvegur er ennþá meginuppistaða atvinnulífs á Vestfjörðum en hefur dregist mjög saman frá blómaskeiði seinni hluta síðustu aldar. Er þar um að kenna afleiðingum kvótakerfisins, tæknivæðingu síðustu ára og ekki síst veikum innviðum svæðisins sem gert hafa það að verkum að samkeppnisstaða fyrirtækjanna hefur versnað gagnvart fyrirtækjum á öðrum svæðum.

Sjávarútvegur skapar mestu framleiðsluverðmætin á Vestfjörðum og samkvæmt atvinnulífsgreiningum byggir ríflega 60% af verðmætasköpun svæðisins á fiskveiðum, vinnsla og fiskeldi. Á árinu 2017 voru atvinnutekjur frá fiskeldi 1.075 milljónir en voru 65 milljónir árið 2008 og hafði fiskeldi þá komið að miklu leiti inn í stað minnkandi verðmætasköpunar frá hefðbundnum fiskveiðum og vinnslu.

Í tengslum við sjávarútveg hafa byggst upp spennandi nýsköpunarfyrirtæki sem auðga atvinnulíf svæðisins. Meðal þeirra eru fyrirtæki sem framleiða búnað og tæknilausnir á heimsvísu og má þar nefna Skagann 3X á Ísafirði sem þróa vélar fyrir sjávarútveg, Kerecis á Ísafirði sem framleiðir sáravörur úr þorskroði og Dropa í Bolungarvík sem framleiðir kaldpressað þorskalýsi.

Landbúnaður er ekki mikill á Vestfjörðum en þó mismunandi eftir svæðum. Landbúnaðar-afurðir eru mikið fluttar út af svæðinu í vinnslu. Mjólkurvinnsla er í Bolungarvík en ekkert sláturhús er á Vestfjörðum. Sterkustu landbúnaðarsvæðin eru Strandir, Reykhólahreppur og Barðaströnd.

Ferðapjónusta á Vestfjörðum er vaxandi atvinnugrein en hún þarf að eflast enn frekar til að verða ein af grunnstoðum atvinnulífsins á svæðinu. Ferðamönnum á svæðinu hefur fjölgað en ekki í takt við þá fjölgun sem orðið hefur á landinu öllu. Fjöldi ferðamanna á Vestfjörðum var árið 2000, 31.162, en árið 2018, 104.198, eða fjölgun um 30% á meðan aukningin á landsvísu fyrir sama tímabil var um 78%. Til að greinin nái verulegum vexti þarf að koma til frekari fjárfestinga í innviðum, þjónustu er tengist náttúru svæðisins og fjölbreytni í gistingu. Ýmis þjónustu- og iðnfyrirtæki mynda sterka stoð við framangreindar greinar.¹

Opinber störf eru mikilvæg í grunngerð atvinnu- og mannlífs á Vestfjörðum. Samkvæmt upplýsingum frá Byggðastofnun þá er hlutfall opinberra starfa um 1,9% á Vestfjörðum. Sem hlutfall af íbúafjölda er það 6,4%. Hæsta hlutfallið til samanburðar er á höfuðborgarsvæðinu eða 7,7% en lægsta á Suðurnesjum 4,9%. Hlutföll segja þó ekki alla söguna, þar sem íbúafjöldi er lágur hefur hvert opinbert starf meira vægi og þá sérstaklega ef aðrar stoðir eru berskjaldaðar.

Menningarlíf er auðugt á Vestfjörðum og eru tónlistarskólar, kórar og leikfélög eru í flestum byggðakjörnum. Vestfirskir menningarviðburðir hafa vakið verðskuldaða eftirtekt á landsvísu, má þar nefna tónlistarhátíðina Aldrei fór ég suður sem er haldin um páskana á Ísafirði, heimildamyndahátíðina Skjaldborg á Patreksfirði og Act alone einleikjahátíðina sem er haldin á Suðureyri. Einnig má nefna stóra viðburði sem tengjast íþróttum og mannlífi svo sem Fossavatnsgönguna á Ísafirði og hlaupahátíð sem haldin er á norðanverðum Vestfjörðum.

„Bolfiskveiðar, litlar vinnslur eiga í erfiðleikum, menn selja sig út úr fyrirtækjum, vinnslum. Tilfærsla aflaheimilda veldur óöryggi á þessu svæði.“


– Sjónarmið viðmælanda

1 Heimild; Áfangastaðaáætlun Vestfjarða 2018.



Sveitarfélög

Á Vestfjörðum má segja að séu þrjú atvinnusvæði, sunnanverðir Vestfirðir, norðanverðir Vestfirðir og Strandir og Reykhólahreppur. Svæðin eru um margt ólík hvað varðar atvinnuhætti og aðstæður. Taka þarf mið af því þegar rætt er um atvinnu- og mannlíf á Vestfjörðum en svæðin eiga þó margt sameiginlegt. Svæðin byggja öll verulega á matvælaframleiðslu, bæði til lands og sjávar auk ferðaþjónustu. Á sunnanverðum og norðanverðum Vestfjörðum er verulega lítið til fiskeldis við frekari uppbyggingu.



Alls eru níu sveitarfélög á Vestfjörðum, misfjöldmenn og ólík hvað varðar sögu og landshætti. Sveitarfélögin eru Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur, Súðavíkurhreppur, Strandabyggð, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð (sjá mynd).

„Verða íbúar Vestfjarða 9.294 árið 2035?“

Umræða hefur verið um að efla þurfi sveitarstjórnarstigið, meðal annars með sameiningu sveitarfélaga í þeim tilgangi að treysta sjálfsforræði þeirra, gera stjórnarsýslu þeirra markvissari, tryggja gæði þjónustu og efla staðbundið lýðræði. Í umræðunni um sameiningu sveitarfélaga er oftar en ekki tekist á um nauðsyn staðbundinnar þekkingar og krafna nærsamfélagsins annarsvegar og svo hins vegar miðlæga og öflugri þjónustu. Einnig þarf að taka tillit til sterkra upprunatengsla fólks í flestum byggðakjörnum sem speglast á við skipulag stjórnarsýslu og menningu landshlutans.

Með aukinni stafrænni þjónustu má búast við talsverðum breytingum á þjónustupörf íbúa og fleiri tækifæri skapist til samstarfs og samvinnu á vettvangi sveitarfélaga. Í viðtölum í tengslum við verkefnið komu fram ólíka sjónarmið, allt frá því að Vestfirðir yrðu eitt sveitarfélag árið 2035 til þess að þau yrðu þrjú til fjögur. Bent var meðal annars á að með aukinni stafrænni tækni væri hægt að þjóna íbúum enn frekar miðlægt og að slagkraftur stærri eininga væri meiri en minni eininga.

Íbúapróun

Heildarfjöldi íbúa á Vestfjörðum í upphafi árs 2019 var 7.063 manns. Árið 1999 var íbúafjöldinn 8.503, þannig að mikil fækkun hefur orðið á þessu tímabili og enn meiri ef lítið er lengra aftur í tímann.

Íbúar á Vestfjörðum eru um 2% mannfjölda landsins árið 2019 en voru um 2,9% landsmanna árið 2000. Ef skoðuð er íbúapróun á Íslandi öllu þá hefur hlutfallslega mesta fækkun verið á Vestfjörðum eða um 42%.

Fjöldi innflytjenda á Vestfjörðum var í upphafi árs 2019 um 1.227 og hefur fjölgað nokkuð síðustu ár en þeir voru 585 árið 2000.¹ Fjölgun innflytjenda hefur verið lyftistöng fyrir atvinnulíf og menningu víða á Vestfjörðum rétt eins og á fleiri stöðum á landinu og hafa þar orðið til líffleg fjölmenningsfélög.

Ef áform ganga eftir um allt að 70 þús. tonna fiskeldi árið 2035, þá má áætla að íbúafjöldi Vestfjarða gæti það ár orðið ríflega níu þúsund íbúar og að umtalsverður hluti þeirrar fjölgunar verði fólk af erlendum uppruna.

**Verða innflytjendur
40% af íbúum
Vestfjarða árið 2035?**

¹ Heimild: Hagstofa Íslands.




Íbúafjöldi á Vestfjörðum 1999 - 2019

| | 1999 | 2004 | 2009 | 2014 | 2019 |
|-------------------------|-------|-------|-------|-------|-------|
| Vesturbyggð | 1,254 | 1,073 | 900 | 949 | 998 |
| Tálknafjarðarhreppur | 348 | 346 | 308 | 297 | 258 |
| Ísafjarðarbær | 4,482 | 4,139 | 3,972 | 3,639 | 3,800 |
| Bolungarvíkurkaupstaður | 1,018 | 944 | 966 | 950 | 953 |
| Súðavíkurhreppur | 261 | 228 | 212 | 202 | 204 |
| Árneshreppur | 71 | 56 | 49 | 53 | 40 |
| Kaldrananeshreppur | 142 | 127 | 110 | 105 | 103 |
| Strandabyggð | 620 | 544 | 490 | 506 | 449 |
| Reykholahreppur | 307 | 279 | 280 | 271 | 258 |
| Alls | 8,503 | 7,736 | 7,287 | 6,972 | 7,063 |

„Núíð er spegill fortíðar og ljóskastari til framtíðar“

– Dr. Páll Skúlason

Mannfjöldaþróun frá 2000 til 2019



Innviðir – grunnur samkeppnishæfni

Skortur á sterkum innviðum hefur um árabíl staðið atvinnuuppbyggingu fyrir þrifum á Vestfjörðum og hefur sú staða gert það að verkum að Vestfirðir hafa ekki verið samkeppnishæfir við aðra landshluta. Innviðir á sviði samgangna, orku og fjarskipta þurfa að vera sambærilegir við aðra landshluta til að svæðið geti vaxið eðlilega.

Samgöngur

Hagkerfi og vaxtarmöguleikar Vestfjarða hafa liðið fyrir það að vegir á nokkrum stöðum eru langt á eftir því sem gerist annars staðar á landinu. Árið 2020 verða jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar opnuð og mun það skapa grundvöll samgangna milli suður og norðuhluta Vestfjarða allt árið. Á samgönguáætlun næstu ára eru svo vegur um Gufudalssveit sem lengi hefur verið beðið eftir og vegur um Dynjandisheiði. Því má með réttu segja að framundan sé bylting í samgöngum Vestfjarða á næstu árum.



Orka

Væntanleg orkuskipti á sviði samgangna og aukin orkuþörf almennings auka enn frekar þörf fyrir tryggja og næga raforku um allt land. Afhendingaröryggi raforku hefur lengi verið lakara á Vestfjörðum en víðast annars staðar á landinu, en á síðustu árum hafa úrbætur verið gerðar og líkur á verulegum úrbótum á raforkukerfi svæðisins hafa aukist með uppbyggingu nýs tengipunkts Landsnets í Ísafjarðardjúpi, hringtengingar flutningskerfis raforku á svæðinu og aukinni orkuframleiðslu með væntanlegri virkjun Hvalár. Nýlegar skýrslur Landsnets, annars vegar um flutningskerfið og greiningu á afhendingaröryggi og hins vegar kerfisgreining tengipunkts við Ísafjarðardjúp og tenging Hvalár auk stefnu stjórnvalda um styrkingu og uppbyggingu á flutningskerfinu gefa væntingar um að samkeppnisstaða svæðisins á sviði raforkumála batni verulega.

Fjarskipti

Stafræn tækni er farartæki nýsköpunar á öllum sviðum og því mikilvægt að þróun innviða fjarskipta á Vestfjörðum haldi í við þróun á landsvísu. Hringtengingu ljósleiðara á Vestfjörðum var lokið árið 2016 en ljósleiðaravæðingu svæðisins er hvergi nærri lokið.

AF VETTVANGI

Öflug nýsköpun í matvælaframleiðslu

Skaginn 3X Technology á Ísafirði hefur lengi verið í fararbroddi nýsköpunar við þróun véla fyrir sjávarútveg. Á Vestfjörðum er mikil hefð fyrir iðnaði og er starfsemi fyrirtækisins gott dæmi um sambúð iðnaðar og sjávarútvegs þar sem reynsla kemur saman við hugvit og þekkingu til verðmætasköpunar. Fyrirtækið er hluti af félögunum Skaginn og Þorgeir og Ellert á Akranesi en félögin framleiða vörur sínar undir sameiginlegu vörumerki – Skaginn 3X. Þau eru í fremstu röð íslenskra fyrirtækja sem náð hafa árangri á alþjóðlegum matvælamarkaði með vörur sem þróaðar hafa verið hérlendis. Hjá félögunum starfa um 180 starfsmenn og heildarvelta þeirra var um 6 milljarðar á síðasta ári.



Tækifæri til að snúa vörn í sókn?

Fiskeldi – umhverfisvænn matvælaíðnaður

Þróun fiskeldis á Vestfjörðum hefur þegar haft veruleg áhrif á byggðarlög svæðisins. Gert er ráð fyrir að 70 þús. tonna fiskeldi gæti skilað 65 milljarða heildarverðmæti, eða um 730 beinum störfum og um 420 afleiddum störfum, eða samtals um 1.150 störfum.

Bent hefur verið á að kolefnisspor sjókvíaeldis er svipað og við veiðar á villtum fiski og lægra en í flestri annari framleiðslu á dýrafurðum til manneldis.

Stóraukið eldi víðsvegar í heiminum er staðreynd. Vöxtur í fiskeldi hefur breytt atvinnulífi Færeyja á stuttum tíma og sama má segja um svæði í Noregi og Skotlandi. Í þessum löndum hefur fiskeldi skapað störf og eflt atvinnutækifæri á svæðum sem áður buðu takmarkaða atvinnumöguleika. Í Færeyjum sérstaklega hafa stærri fyrirtækin í auknum mæli sinnt öllum þáttum eldisins allt frá seiðaframleiðslu til markaðssetningar.

Fyrirtækið Arctic Fish á Vestfjörðum hefur verið að stíga stór skref í þessa átt, með seiðaeldisstöð í Tálknafirði og áformum sínum um eldi næstu árin í Dýrafirði, Patreksfirði, Tálknafirði og Ísafjarðardjúpi. Fyrirtækið leggur áherslu á sjálfbærni og er með ASC vottun sem er alþjóðleg vottun og stendur fyrir Aquaculture Stewardship Council.

Munu vestfirsk fyrirtæki verða leiðandi í nýsköpun í matvælaframleiðslu í framtíðinni?

Fyrirtækið Arnarlax er nú komið í flokk verðmætustu fyrirtækja landsins á tiltölulega stuttum tíma. Fjárfesting í greininni hefur verið veruleg og traust erlenda fjárfesta sem komið hafa með fjármagn og fagþekkingu mikið.

Þessi fyrirtæki og fleiri hyggja á starfsemi í Ísafjarðardjúpi. Vegna deilna um áhættumat Hafrannsóknarstofnunar og tregðu í leyfisveitingum hefur takmörkuð eldisstarfsemi verið í Ísafjarðardjúpi enn sem komið er.

„Við uppbyggingu eldis á Vestfjörðum hefur verið litið til fyrirmynda og horft er til hinna þriggja stoða sjálfbærni: umhverfis, samfélags og efnahags. Lærdómur er dreginn af þeim sem reynsluna hafa; Noregi og Skotlandi svo einhver lönd séu nefnd.“

– Sjónarmið viðmælanda



Ferðapjónusta

Aðeins 3% allra ferðamanna sem koma til Íslands leggja leið sína til Vestfjarða. Þar eru þó ekki taldir farþegar skemmtiferðaskipa en mikil fjölgun hefur verið í komum þeirra til Ísafjarðar sem er nú þriðja stæsta höfn landsins í komum skemmtiferðaskipa. Hinir ríflega 120 þúsund farþegar skipanna setja mikinn svip á bæjarlíf á Ísafirði yfir sumarið og umtalsverð þjónusta hefur byggst upp vegna skipanna.

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða

Fyrsta áfangastaðaáætlun Vestfjarða kom út árið 2018. Um er að ræða heildstæða áætlun sem hefur ferðapjónustu sem meginpunkt. Markmið hennar er að stuðla að ábyrgri ferðapjónustu sem skilar sem mestum hagnaði til samfélaga. Áætlunin tekur tillit til gesta, íbúa, fyrirtækja og umhverfis og reynir að skapa jafnvægi. Hún gerir íbúum kleift að ákveða hvernig þeir vilja að ferðapjónusta þróist með tilliti til áhrifa á efnahag og samfélag þeirra og hvaða skref skuli taka í átt að því marki.

Hringvegur 2 um Vestfirði

Fyrirhugaðar úrbætur í samgöngumálum Vestfirðinga skapa ekki aðeins Vestfirðingum tækifæri í ferðapjónustu heldur Íslandi öllu því með því verður unnt að opna nýja og spennandi ferðamannaleið um Hringveg 2. Uppbygging þeirrar leiðar er stærsta verkefni vestfirskrar ferðapjónustu næstu árin.

„Ferðamenn munu halda áfram að koma til Íslands og þeir eiga eftir að sækja í auknum mæli út í hinar dreifðu byggðir, á því er enginn vafi. Enda hef ég oft sagt að Vestfirðir séu eitt best varðveitta leyndarmál Íslands“.

– Sjónarmið viðmælanda





Atvinnu- og félagsleg umskipti

Atvinnulíf á Vestfjörðum getur eflst verulega ef áform um uppbyggingu fiskeldis ganga eftir. Uppbyggingin mun leiða til verulegrar fjölgunar starfa sem ekki verður nema að litlu leyti mætt með núverandi íbúum. Ef miðað er við 70 þús. tonna eldi árið 2035, þá má áætla að íbúafjöldi Vestfjarða verði það ár 9.294 íbúar og þar af gætu 40% verið innflytjendur. Þetta er um 25% fjölgun. Uppbygging fiskeldis leiðir af sér mikla verðmætasköpun og má búast við enn frekari fjölbreytni í atvinnu- og mannlífi. Sérstaklega er horft til nýsköpunar og rannsókna í tengslum við bláa hagkerfið og vinnslu hliðarafurða sem geta styrkt samkeppnisstöðu Vestfjarða. Gera má ráð fyrir að vinnuafli flytjist frá hefðbundnum greinum yfir í fiskeldið ef þróunin verður í þá átt sem áætluð er hér að framan meðal annars vegna samdráttar eða aukinnar tæknivæðingar, auk áhrifa frá fjórðu iðnbyltingunni sem felur í sér líka fjölmörg tækifæri fyrir samfélög á Vestfjörðum.

Það er líklegt að ferðaþjónustan vaxi samhliða þessari þróun, en sú atvinnugrein er mannaflsrek. Vestfirðir hafa góða innviði til að taka á móti fjölgun íbúa, en við verulega aukningu þarf hins vegar að huga að frekari uppbyggingu og aukinni þjónustu. Í dag er farið að gæta húsnæðisskorts á helstu þéttbýlisstöðunum. Gæta þarf að uppbyggingu á skólum á öllum skólastigum, heilsugæslu, afþreyingu og lýðheilsu. Einnig þarf að huga að félagslegum þáttum, með hliðsjón af fjölskyldugerð, stærð fjölskyldna og uppruna, en miðað við þessar forsendur verður tæp 78% fjölgun innflytjenda. Það setur auknar kröfur á að íbúar og samfélög takist á við þessar samfélagsbreytingar.

„Við Vestfirðingar höfum í gegnum tíðina þurft að glíma við háan flutningskostnað, sem hefur nokkurn veginn verið okkar akkilesarhæll. Hugsanlega getur laxinn hjálpað til að gera okkur samkeppnishæfari í flutningum til neytandans.“

– Sjónarmið viðmælenda

AF VETTvangi

Auðlindin við ströndina og til sveitar

Á Reykhólum hefur þaravinnsla lengi verið öflug enda er þar að finna einn stærsta þaraskóg landsins. Þekktust er Þörungavinnslan sem framleiðir þangmjöl og þangmjöl úr klóþangi og hrossaþara úr Breiðafirði en um 95% af framleiðslunni fer á markaði í Skotlandi, Bandaríkjunum, Bretlandi, Noregi, Hollandi, Þýskalandi, Frakklandi, Japan og Taívan. Vaxandi tækifæri eru í frekari þróun afurða. En vaxtarsprotarnir eru einnig í nýtingu þara á sviði ferðaþjónustu svo sem við þaraböð til heilsubóta, í tengslum við jarðhita svæðisins. Svo ekki sé minnst á verðmæti sem saga staðarins býr yfir.



Umhverfismál, sjálfbærni og auðlindanýting

Vestfirðir hafa verið með umhverfsvottun Earth Check frá árinu 2016 en unnið hefur verið að umhverfsvottun svæðisins allt frá árinu 2010. Í því felst að sveitarfélögin á svæðinu hafa skuldbundið sig til þess að taka mið af náttúrunni í öllum ákvörðunum sínum og tryggja sjálfbærni þeirra auðlinda sem eru til staðar á svæðinu.

Sjálfbærni er lykilþáttur í atvinnuuppbyggingu svæðisins og mikil áhersla er lögð á að fyrirtæki hvort sem þau starfa í sjávarútvegi, fiskeldi eða ferðaþjónustu hafa sóst eftir gæða- og umhverfsvottunum fyrir starfsemi sína.

Nokkur umræða hefur verið á Vestfjörðum líkt og annars staðar á Íslandi um friðun svæða og stofnun þjóðgarða og eru skiptar skoðanir enda hagsmunir hagaðila ólíkir. Nokkur svæði eru nú þegar friðlýst en enn hefur ekki verið stofnaður þjóðgarður á Vestfjörðum, þó svo landslag og náttúrufar og saga svæða veiti tækifæri til þess. Víðsvegar eru þjóðgarðar helsta aðdráttarafli ferðamanna, til fræðslu og afþreyingar, ásamt því að tengjast atvinnuuppbyggingu.

Stærsta friðlýsta svæðið á Vestfjörðum eru Hornstrandir, en auk þess eru Dynjandi og fossar í Dynjandaá ásamt umhverfi þeirra friðlýst, Hrísey í Reykhólahreppi, Surtarbrandsgil við Brjáns-læk og Vatnsfjörður í Vesturbyggð eru einnig friðlýst. Verndarsvæði við Breiðafjörð heyrir til verndarsvæða Vestfjarða. Látrabjarg er eitt helsta aðdráttarafli Vestfjarða í ferðaþjónustu og talin er mikil þörf á aðgerðum til að vernda svæðið en ekki hefur náðst sátt milli landeigenda og Umhverfisstofnunar um framgang friðunar svæðisins. Friðlýsing verndar náttúru en gefur jafnframt kost á að njóta og nota meðal annars í tengslum við ferðaþjónustu.

Sjálfbær þróun er þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum.

Sjálfbær þróun byggir á þremur meginstoðum; vistfræðilegri, félagslegri og efnahagslegri, sem eru óaðskiljanlegar og háðar hverri annari.

– Úr skýrslunni Okkar sameiginlega framtíð sem samin var árið 1987 undir forystu Gro Harlem Brundtland, fyrrum forsætisráðherra Noregs.

Hugsanlegar tækni- og samfélagsbreytingar

Ef fram heldur sem horfir þá verða verulegar tæknibreytingar næstu árin sem hafa veruleg áhrif á framleiðslu og þjónustu á Vestfjörðum. Samhliða þessari þróun má búast við miklum samfélagsbreytingum sem tengjast breytingum á vinnumarkaði, á námi og heilsugæslu svo nokkur dæmi séu tekin. Fyrirbrigði eins og internet hlutanna mun færa samfélög nær hver öðru. Þróun í nemum eða skynjurum og iðnaðarþjörkum (e. robots) mun auka sjálfvirkni í öllum ferlum. Drónar munu auka við þjónustu við jaðarsvæði svo sem á sviði vörudreifingar, eftirliti í strjálbýli með ferðamönnum og búpeningi. Fjarvinnsla verður algengari og ekki svæðisbundin.

Samfélagsbreytingar geta tengst breyttum hugmyndum fólks um hvar það vill búa og hvernig. Hugsanlega vill fólk sækja í að vera í nálægð við náttúru, í kyrrð og fjölskylduvænu umhverfi, samhliða því að vera í alþjóðlegri tengingu í gegnum netið.



AF VETTvangi

Ný viðmið í samfélagsþjónustu

Blábankinn á Þingeyri er þjónustu- og nýsköpunarmiðstöð, nokkurs konar samfélagslegt torg miðsvæðis í bænum. Blábankinn er nýsköpunar- og þjónustumiðstöð sem heldur utan um bankaþjónustu Landsbankans á Þingeyri og er tenging íbúa við ýmsa þjónustu Ísafjarðarbæjar.

Blábankinn býður upp á sköpunarrými sem og samvinnurými með skrifborðum í tímabundinni útleigu. Í Blábankanum getur fólk hist og rætt saman yfir kaffi, unnið saman, framleitt, öðlast þekkingu, færni, lært og skapað. Blábankinn er samstarfsverkefni einkaaðila og opinberra aðila.

„Það heyrir undir almenna skynsemi að horfa svolítið fram fyrir tærnar á sér.“

– Óþekktur höfundur

AF VETTvangi

Lengi vel hafa Vestfirðingar litið til sveitarfélagsins Froya í Syðri Þrændalögum í Noregi sem viðmið enda hefur varnarbarátta þessara svæða verið á margan hátt sambærileg. Fiskeldi við Froya hefur vaxið verulega á undanfönum árum og fjölgun íbúa á einum áratugi var rúmlega 20%. Ný störf hafa orðið til og aukið á almenna bjartsýni í Froya



Sveitarstjórnin í Froya lét setja niður skífu sem sýndi íbúapróunina frá árinu 2006 þegar uppbygging laxeldisins var að komast á skrið. Það ár bjuggu um 4.100 manns í sveitarfélaginu. Íbúum hefur fjölgað verulega og þar ríkir bjartsýni.



Spurningar um stöðu byggðar og mannlífs 2035

Í einum áfanga verkefnavinnunnar voru þátttakendur beðnir að leggja fram spurningar sem þá þyrsti í að fá svör við varðandi hugsanlega þróun Vestfjarða fram til ársins 2035. Helstu spurningarnar voru sem hér segir (án forgangsroðunar).

- Hverjar verða stærstu atvinnugreinarnar á svæðinu?
- Verður þetta fyrst og fremst spurning um nýtingu á náttúruauðlindum eins og fiskeldi og fiskveiðum eða verða þetta fjölbreyttari atvinnuvegir? Hvernig breytist þetta?
- Hver verður mannfjöldapróun á Vestfjörðum?
- Hvað búa margir á norðanverðum Vestfjörðum?
- Eru Vestfirðir staður þar sem ungt fólk sér fyrir sér framtíð sína?
- Munu virkjanir á Vestfjörðum veita orkuöryggi á svæðinu?
- Hvað verða mörg sveitarfélög á Vestfjörðum?
- Hvernig verður samgöngum háttað til og frá Vestfjörðum?
- Verður komin almennilegur og nothæfur flugvöllur, þar sem hægt er að lenda alltaf?
- Verða ákveðin svæði á Vestfjörðum að skammtímabúsetusvæðum?
- Hvenær verðum við komin í alvöru framleiðslu á laxeldi við Ísafjarðardjúp? Hvenær verðum við komin í 50 þús. tonn? Alvöru atvinnutækifæri.
- Hvað verðum við með mikið virkjað á Vestfjörðum? Þarf að byggja upp orkuöflun á Vestfjörðum. Skynsamlegt að dreifa orkuöflun á Íslandi – ýmislegt getur gerst.
- Hvað olli jákvæðum viðsnúningi í litlum sjávarþorpum á Vestfjörðum?
- Geta loftslagsbreytingar haft umsvifamikil áhrif á atvinnu- og mannlíf Vestfjarða?
- Hversu lengi munu ferðamenn á leið til Vestfjarða dvelja og hversu miklum peningum munu þeir eyða?
- Hvaða hlutverk spila rannsóknir og vísindi í samfélaginu m.t.t. nýtingar náttúruauðlinda og fleiri þátta?

AF VETTVANGI

Rauðasandur og nærumhverfi

Víðáttan og litadýrð þessa svæðis er ótrúleg, en jafnframt er sagan stórbrotin eins og á svo mörgum stöðum víðsvegar um Vestfirði. Verða staðir eins og Rauðasandur, Látrabjarg sterkari seglar á sviði ferðaþjónustu í náinni framtíð eða á vitorði fátta?



Sviðsmyndir, vinnuferlið og þróunin

Hvað eru sviðsmyndir?

Sviðsmyndaáæferðin byggist á því að finna mikilvægustu óvissuþættina í starfs- eða rekstrarumhverfi fyrirtækis eða stofnunar og skoða hvernig framtíðin gæti litið út, ef nokkrir þessara þátta þróast mjög langt í mismunandi áttir.

Síðan eru búnar til nokkrar mismunandi lýsingar á hugsanlegu framtíðarástandi og skoðað hvaða atburðarás gæti leitt til þessarar þróunar.

Með því að búa til hugsanlega atburðarás er sýnt hvernig þróunin í hverri sviðsmynd getur átt sér stað og þannig varpað ljósi á það hvaða ákvarðanir þarf að taka í náinni framtíð og hvaða afleiðingar þær geti haft. Í vinnuferlinu koma oft upp „óvæntir atburðir“ og við skoðum hvernig þeir gætu breytt hugsanlegri atburðarás og þróun.

Sviðsmyndir henta vel til að ná fram sameiginlegum skilningi ólíkra aðila á framtíðinni og gefur þeim sameiginlegt „huglægt landakort“. Gegnum skapandi, þátttakendastýrt vinnuferli skapast ný þekking og nýjar hugmyndir sem auðvelt er að miðla til stærri hóps gegnum hinar myndrænu lýsingar sviðsmyndanna.

Það að skilja framtíðina er ekki verkefni sem unnið er í eitt skipti fyrir öll og áæferðin byggir undir viðvarandi og sameiginlega umfjöllun um framtíðina. Sviðsmyndir stuðla að því að halda lífi í stefnumótunarumræðunni og gefa henni farveg sem eflir stöðuga og jákvæða þróun.

Mun hátt þekkingarstig og samstarf fyrirtækja og stofnana leiða af sér sjálfbærni nýsköpunar í hefðbundnum og nýjum atvinnugreinum og þjónustugreinum?

Hvernig er vinnuferlið?

Hefðbundið vinnuferli samanstendur af þremur meginþáttum:

- **Skilgreining og úttekt:** Nákvæm skilgreining á viðfangsefninu og val á þátttakendum, úttekt á stöðunni í dag og skoðun á því hvaða þættir (drifkraftar) geti haft mest áhrif á þróun starfsumhverfisins.
- **Sviðsmyndagerð:** Skoðað er hverjir séu mikilvægustu óvissuþættirnir og þeir notaðir til að búa til nokkrar ólíkar lýsingar á hugsanlegu framtíðarástandi. Jafnframt koma í ljós þættir sem geta gefið okkur vísbendingu um hvort þróunin stefni í eina átt fremur en aðra.
- **Stefnumótun:** Sviðsmyndirnar eru notaðar til að greina ógnanir og tækifæri, skoða óskastöðu í framtíðinni og hvaða aðgerðir séu líklegastar til að mæta best mögulegri þróun mála.



Sviðsmyndir um þróun atvinnu- og mannlífs á Vestfjörðum árið 2035

Mikilvægir óvissuþættir og drifkraftar

Hér er komið inn á þær umræður sem fóru fram á vinnufundum og eins í viðtölum í tengslum við verkefnið. Þessir þættir eru ekki flokkaðir í forgangsröð.

- **Kraftar atvinnulífsins**

Umræðan tengist meðal annars hversu öflug fyrirtæki á Vestfjörðum yrðu á sviði nýsköpunar. Þetta atriði tengist því hvort einblínt væri eingöngu á frumframleiðslu eða frekari verðmætasköpun.

- **Fjölbreyttari atvinnumöguleikar**

Þetta atriði tengist jafnframt nýsköpun, mikil eða lítil en samt frekar hvort um væri að ræða fjölbreytta atvinnustefnu eða atvinnutækifæri. Fáir frumkvöðlar eða margir.

- **Framtíð sjávarútvegs**

Í tengslum við sjávarútveginn var umræðan um hvort greinin myndi hugsanlega breytast vegna náttúrulegra aðstæðna svo sem hita sjávar. Einnig var nokkuð rætt í þessu sambandi hugsanlegt breytt eignarhald.

- **Menntun**

Mun svæðið einkennast af einhæfu framboði til menntunar eða mun fjölbreytni aukast og tækifæri fyrir ungt fólk verða fleiri. Þetta atriði var talið tengjast opinberri menntastefnu og framlögum hins opinbera í því sambandi.

- **Þekkingarstig/tæknileg samkeppnishæfni**

Varðandi þetta atriði var umræðan um hvert gæti verið þekkingarstig fyrirtækja og stofnana á Vestfjörðum. Gæti þróunin verið þannig að þekkingarstig svæðisins myndi dala og þar með yrði lítil tækniþekking eða myndi hún aukast verulega og þar með nýsköpunargeta samfélagsins.




- **Öryggi**
Að hluta til tengist það umræðunni um hugsanlega náttúruvá en jafnframt var rætt um öryggi í samfélaginu í tengslum við samfélagslegan óróa.
- **Stjórnámalegur áhugi**
Munu stjórnámamenn og stjórnsýslan leggjast á eitt að byggja upp dreifðar byggðir með áherslu á fjölbreytni, nýsköpun og fjölgun íbúa eða verður um að ræða einsleitar byggðir, með lítinn félagsauð, stöðnun og áhersla lögð meðal annars á frístundabyggðir.
- **Umhverfismál – samspil manns og náttúru**
Munu umhverfismál og þar með aukinn áhugi á sjálfbærni einkenna svæðið, þar sem fyrirtæki leggjja áherslu á sjálfbæra nýtingu eða mun vera gengið á náttúruauðæfi meðal annars með mengandi atvinnugreinum.
- **Eldisuppbýgging**
Mun afstaða opinberra aðila vera jákvæð eða neikvæð varðandi leyfisveitingar til fiskeldis. Hvernig lög og reglur í kringum atvinnugreinina þróast.
- **Samgöngur og fjarskipti**
Hver verður þróun opinbers fjármagns til samgangna og fjarskipta fyrir svæðið? Verður uppbýgging á þessu sviði eða ekki og jafnvel minna viðhald en er í dag. Hvernig munu sjóflutningar og flug þróast?
- **Ferðapjónusta**
Verður ferðapjónustan heilsársstarfgrein eða munu samgöngur og ímynd svæðisins dala þannig að ferðamönnum muni fækka.
- **Viðhorf nýrra kynslóða**
Verða innviðir Vestfjarða áhugaverðir fyrir nýjar kynslóðir þar sem lögð er áhersla á fjölskylduvænt samfélag í tengslum við náttúruna eða munu þeir verða fráhrindandi vegna fábreytni og fólksfækkunar.
- **Breytingar á sveitarstjórnarstiginu**
Verða til sterkari byggðakjarnar eða munu sveitarfélögin verða þau sömu og eru í dag en áhrifaminni.
- **Viðhorf og ímynd**
Mun viðhorf til Vestfjarða sem búsetusvæðis verða neikvætt og áhugi stjórnvalda á uppbýggingu minnka eða verður umfjöllunin og orðsporið að vera það sterkt að svæðið nái viðspyrnu og byggist upp.
- **Langtímastefna í landnýtingu**
Munu stjórnvöld leggjja áherslu á langtíma uppbýggingu um land allt eða munu dreifðar byggðir ekki ná athygli stjórnámamanna og þar með sé dregið úr innviða uppbýggingu og þeirri áherslu að byggja upp flest svæði.



Að byggja upp getu til framfara

Grunnurinn að aukinni verðmætasköpun og þar með bættum lífsgæðum er getan til að auka virði þess sem framleitt er eða þeirrar þjónustu sem veitt er. Myndin hér að neðan lýsir vel samþættingu þess að höfða til sértækra þarfa þeirra sem þjónustan beinist að og svo hversu mikils virði slík þjónusta er í augum þess sem verið er að þjóna. Því sértækari sem þarfirnar eru því sérhæfðari þarf viðkomandi þekking að vera til að uppfylla þær. Mótun sértækra lausna eykur síðan virði viðkomandi lausna og þar með hag þeirra sem búa þær til.

Þetta samband á við allar atvinnugreinar og því vert að huga að þróun vara og þjónustu í þessu sambandi, hvort sem á við framleiðslu matvæla, ferðaþjónustu eða aðrar þjónustugreinar.



AF VETTvangi

Sértækar þarfir og sérhæfing

Gott dæmi um tækifæri sem bjóðast við að horfa til sértækra þarfa með sérhæfðri þekkingu er fyrirtækið Kerecis. Fyrirtækið þróar sértækar lausnir úr afurðum sjávarútvegs með sérhæfðri þekkingu á sviði heilbrigðistækni. Kerecis er með höfuðstöðvar á Ísafirði þar sem það vinnur að þróun fjölmargra vara sem tengjast húð- og vefjaviðgerðum. Meginstarfsemi fyrirtækisins er hagnýting á náttúrulegum efnum sem styðja við endursköpun húðar og líkamsvefja.

Sérhæfð mjólkurvinnsla

Með stöðugri vöruþróun hefur Arna mjólkurvinnsla í Bolungarvík náð að sérhæfa sig í framleiðslu á laktósafríum mjólkurvörum, þ.e. án mjólkursykurs fyrir fólk með mjólkurþol. Vörur Örnú eru framleiddar úr próteinbættri íslenskrí kúamjólk. Vörunar eru ferskar, heilnæmar og góðar mjólkurvörur, upprunnar í hreinni íslenskrí náttúru og henta öllum sem neyta ferskra mjólkurafurða. Í þróunarvinnu sinni hefur Arna náð að horfa til tiltekinnar markaðssyllu og uppfyllt sértæka þörf sem grunn að sinni starfsemi við erfið markaðsskilyrði.

Sviðsmyndir eru ekki framtíðarsýn, spá, stefna eða framreikningur. Þær eru öflug aðferð til að skilja umhverfið og skapa sameiginlegan skilning á því hvað þarf að gera í dag til að undirbúa framtíðina.

Grunngerð sviðsmyndanna

Til að ramma inn sviðsmyndirnar voru valdir tveir drifkraftar sem taldir voru hafa mest áhrif á framtíðarþróun atvinnulífs á Vestfjörðum. Með því er ekki verið að draga úr vægi annarra drifkrafta sem nefndir hafa verið hér að framan. Um þá er einnig fjallað í sviðsmyndunum.

Þessir tveir megindrifkraftar eru annars vegar viðhorf og ákvarðanir stjórnvalda og hins vegar þróun þekkingarstigis á svæðinu.

Viðhorf og athafnir stjórnvalda

Athafnir stjórnvalda geta örvað alla atvinnusköpun á Vestfjörðum. Það skiptir máli að orð og athafnir fylgist að. Þannig verði innviðir svæðisins sambærilegir og á öðrum stöðum á landinu, s.s. hvað varðar vegasamgöngur, orkumál, mennta- og heilbrigðismál, fjarskipti, hafnir og flugvelli.

Þekkingarstig

Þegar þekkingarstig svæðisins er lágt er það lýsandi fyrir það að atvinnulífið er ekki að kalla eftir starfsfólki með sérþekkingu. Til lengri tíma litið stuðlar þetta að fábreyttara atvinnulífi og gjarnan lægri meðallaunum þótt einstakir aðilar geti verið með góð laun t.d. við útgerð.

Þegar þekkingarstig svæðisins er hátt getur það verið lýsandi fyrir fjölskrúðugt atvinnulíf sem hefur laðað að starfsfólk, oft með fjölbreytta menntun. Til lengri tíma litið ætti þetta að leiða til hækkandi meðallauna og fjölgunar starfa.



Sviðsmyndunum voru gefin lýsandi nöfn eftir því hvað þær voru að fjalla um. Rétt er að taka fram að sviðsmyndunum er ætlað að ögra núverandi viðhorfum og neyða okkur til að opna skilningarvitin fyrir nýjum og oft óþekktum möguleikum framtíðarinnar.


Á KROSSGÖTUM



Yfirlit sviðsmynda

Sviðsmyndir til ársins 2035

Eftirfarandi eru fjórar mögulegar sviðsmyndir um atvinnulíf á Vestfjörðum. Þær lýsa ólíku umhverfi atvinnu- og mannlífs á svæðinu og hvernig sú staða sem tiltekin er í hverri sviðsmynd gæti hafa gerst. Það er síðan lesandans að setja aðra áhrifaþætti inn í hverja sviðsmynd og gera sér grein fyrir því hvernig þeir gætu þróast eftir mismunandi forsendum sem til grundvallar liggja. Allt byggir þetta á þeirri staðreynd að framtíðin er háð mörgum óvissuþáttum sem gagnlegt er að skilja og eins átta sig á ólíkri þróun þeirra.



Vestfirski Þjóðgarðurinn

Forsendur: Lágt þekkingarstig/ Athafnir stjórnvalda



Möguleg staða árið 2035

Í kjölfar strangra umhverfisreglna sem settar voru af stjórnvöldum breyttist samsetning atvinnulífs á Vestfjörðum. Langt var gengið í friðunum sem takmörkuðu nýtingu ýmissa náttúruauðlinda. Fiskeldi hefur lagst af en smábátaútgerð er umtalsverð. Talsverð aukning varð í ferðaþjónustu einkum í tengslum við svæðisbundin söfn og viðburði sem styrktir eru af stjórnvöldum. Vegasamgöngur innan og til Vestfjarða hafa styrkst, þótt aðrir samgöngumátar séu takmarkaðir. Orkuskipti í bílafloata landsmanna hafa þannig stutt við eflingu vegasamgangna svæðisins eftir að stjórnvöld ákváðu að nýta Vestfirði sem tilraunasvæði grænna lausna.

Mannlíf á Vestfjörðum árið 2035

Hægfara fækkun íbúa á svæðinu og hlutfall innflytjenda hefur aukist. Hækkandi meðalaldur hefur kallað eftir auknu fjármagni í heilbrigðismál. Áhersla hefur verið á menntun innflytjenda. Svæðið einkennist af fjölskrúðugu menningar- og listalífi sem nýtur opinbers stuðnings.

Einkenni atvinnulífs

Frumframleiðsla er allsráðandi í helstu atvinnugreinum, sér í lagi á sviði matvælaframleiðslu. Ferðaþjónusta hefur aukist umtalsvert, enda einkennist Hringvegur 2 (oft kallaður Græni hringurinn) af umhverfislausnum og er orðinn þekkt ferðamannaleið.

Hvernig gerðist þetta?

Settar voru strangar reglur sem takmörkuðu verulega fiskeldi í sjó. Í kjölfar óvissutíma sem fylgdi varð umtalsverð fækkun íbúa en með aðgerðum stjórnvalda var reynt að sporna við þeirri þróun. Þannig var sett fjármagn í samgöngur og opinberir styrkir til eflingar umhverfis- og menningartengdrar ferðaþjónustu. Samdráttur í aðsókn að Háskólasetri Vestfjarða varð til þess að breyta áherslum í starfsemi þess.

Sviðsmyndin í hnotskurn

Brothætt samfélag með einhæft atvinnulíf

| Þættir | Vestfirski þjóðgarðurinn |
|----------------------------|--|
| Viðmið / Forsendur | Lágt þekkingarstig og athafnir stjórnvalda. |
| Íbúa-samsetning | Hár meðalaldur og hátt hlutfall nýbúa. Íbúafjöldi helst í stað eða fækkar. |
| Nýsköpun og tækniþróun | Lítill staðbundin nýsköpun en nokkur tækniþróun. |
| Atvinnugreinar sem þrífast | Frumframleiðslugreinar, umtalsverð ferðaþjónusta. |
| Samgöngur | Góðar vegasamgöngur en aðrir samgöngumátar takmarkaðir. |
| Ímynd og aðdráttarafl | Hrein náttúra, kyrrð og útivist. |
| Velferðarmál | Aukin þörf félagslegra úrræða. |
| Menning og samfélag | Listalíf og náttúruviðburðir. |
| Umhverfismál | Strangar umhverfisreglur gilda um Vestfirði. |
| Sjávarútvegur | Áhersla á veiðar, lítil vinnsla. Bann við fiskeldi vegna umhverfiskrafna. |
| Sveitarfélög | Opinberar kröfur um sameiningu sveitarfélaga. Mikil opinber þjónusta. |
| Það sem skiptir máli | Einhæft líf, árstíðarbundnir viðburðir. Brothætt byggð. |

Stórar spurningar svæðisins?

Hvernig ætla stjórnvöld að bæta svæðinu þær hömlur sem settar eru á nýtingu náttúruauðlinda?



Hvernig gerðist þetta – Tímalína

- Stjórnvöld taka ákvarðanir sem hafa neikvæð áhrif á fjölbreytileika atvinnulífs hvað varðar laxeldi og virkjanir.
- Heildarfjármagn til samgangna verulega skert, en sértæk verkefni fá samt stuðning.
- Fólksfækkun, sérstaklega ungt fólk. Hið opinbera sker niður fjármagn til menntamála.
- Sameining sveitarfélaga. Niðurskurður í heilbrigðisþjónustu.
- Stofnun þjóðgarðs.
- Áhersla á umhverfismál og rannsóknir. Náttúran nýtur vafans.
- Laxeldisminjasafnið opnað.
- Aukin þrýstingur frá ferðamönnum um bætta samgöngur. Sumarbústaðarfolki fjölga.
- Starfsleyfi Kalkþörungaverksmiðjunnar fæst ekki endurnýjað.

VESTFIRÐIR ÁRIÐ 2035

Erfitt að fá starfsfólk við þjónustustörf

Eftir vonbrigði seinustu ára á sviði atvinnuuppbyggingar hefur íbúum sveitafélanna fækkað. Nú er þannig komið að erfitt er að halda uppi starfsemi í Vestfirsku þjóðgarðinum vegna skorts á starfsfólki bæði hvað varðar þjónustustörf og sérhæfðari störf. Þrátt fyrir velvilja stjórnvalda á sviði menningar og bætta vegasamgöngur þá hafa sveitarfélögin átt erfitt uppdráttar eftir að settar voru hömlur á margvíslega nýtingu náttúruauðæfa. Kemur þetta niður á auknum ferðamannastraumi, en sumarbústaðafólk nýtur sín í kyrrð og ró vestfirskra fjalla.

Til umhugsunar

Hvaða aðrar afleiðingar gætu orðið í þessari sögu að þínu mati?

Hver gætu orðið hugsanleg áhrif sögunnar á starfsumhverfi þitt?

Aftur til fortíðar

Forsendur: Lágt þekkingarstig og athafnaleysi stjórnvalda



Möguleg staða árið 2035

Deyfð er yfir samfélaginu á Vestfjörðum, m.a. vegna áhugaleysis stjórnvalda og stjórnsýslunnar á málefnum svæðisins. Nýsköpun er takmörkuð vegna einhæðrar þekkingar og atvinnulífs. Byggðir eru brothættar einkum vegna lækkandi útsvarstekna og fækkunar opinberra starfa í grunnþjónustu s.s. heilsugæslu og skólamállum. Byggðakjarnar eru fámennir en einkennast af samstöðu íbúa.

Mannlíf á Vestfjörðum árið 2035

Íbúum hefur fækkað nokkuð á undanförunum árum og meðalaldur er tiltölulega hár. Hlutfall innflytjenda er með því hæsta á landsvísu og svæðið er þekkt fyrir fjölmenningu. Umtalsverður fjöldi sumardvalagesta einkennir svæðið og er veruleg drift í menningunni en minni á öðrum sviðum.

Einkenni atvinnulífs

Atvinnulífið byggir á frumframleiðslu þar sem fiskeldi er takmarkað. veiðar eru með höfuðáherslu á magn. Ferðaþjónustan er sniðin að þörfum jaðarhópa sem vilja njóta kyrrðar og náttúru svæðisins. Umhverfismál og umgengni um viðkvæma náttúru eru helstu deilumál íbúa.

Hvernig gerðist þetta?

Breyttar áherslur stjórnvalda í byggðamálum ollu því að mikið dró úr opinberu fjármagni til dreifra byggða. Samgöngur hamla aðgengi að svæðinu. Á sama tíma varð samdráttur í grunnþjónustu s.s. heilbrigðis- og skólamállum. Þrátt fyrir nokkur stærri fyrirtæki á svæðinu fór heildarfjöldi fyrirtækja verulega fækkandi.

Sviðsmyndin í hnotskurn

Fortíðarþrá og doði

Stórar spurningar svæðisins?

Nær samfélagið að spyrna við fótum í atvinnumálum og skapa ný tækifæri.

| Þættir | Aftur til fortíðar |
|-----------------------------------|--|
| Viðmið / Forsendur | Lágt þekkingarstig og athafnaleysi stjórnvalda. |
| Íbúa-samsetning | Veruleg aukning innflytjenda. Öfugur aldursþíramídi. Sumarbústaðabyggð. |
| Nýsköpun og tækniþróun | Lítill nýsköpun og tækniþróun á afmörkuðum sviðum. |
| Atvinnugreinar sem þrífast | Frumframleiðsla, fiskeldi með áherslu á magn, takmörkuð ferðaþjónusta, sér-sniðin fyrir jaðarhópa. |
| Samgöngur | Stöðnun í samgöngumálum, holóttir vegir. |
| Ímynd og aðdráttarafl | Strjálbýli, gamla Ísland, lítið áreiti. |
| Velferðarmál | Lítill svæðisbundin grunnþjónusta, fjarþjónusta. |
| Menning og samfélag | Handverk og nægju-semi. |
| Umhverfismál | Ósjálfbær þróun og hætta á umhverfisslysum. |
| Sjávarútvegur | Fiskveiðar og fiskeldi. Hægir á tækniþróun. |
| Sveitarfélög | Samdráttur í tekjum og þjónustu. |
| Það sem skiptir máli | Lítill samfélög og samstaða íbúa. |

Hvernig gerðist þetta – Tímalína

- Settar eru hertar umhverfiskröfur með áherslu á friðun náttúru í stað sjálfbærrar nýtingar sem hafa veruleg áhrif á atvinnuþróun svæðisins.
- Rekstrargrunnur landbúnaðar brestur
- Veiðigjöld kaffæra minni útgerðir.
- Fyrirtæki veikburða og geta til nýsköpunar lítil.
- Innviðir veikjast en sveitarfélög sameinast.
- Stjórnvöld grípa ekki til aðgerða.
- Sveitarfélög geta illa sinnt lögbundnum verkefnum.
- Öruggt en fámennt samfélag.
- Ný tækifæri í sjónmáli á sviði ferðaþjónustu.



VESTFIRÐIR ÁRIÐ 2035

Samfélagið er þekkt fyrir nægjusemi. Byggðaröskun hefur verið á jaðarsvæðum og byggðarkjarnar eru fámennir. Þrátt fyrir strábýlið, lifna sveitir og byggðir við yfir sumartímann, sem er þekkt fyrir náttúrufegurð, kyrrð og fjölmeningu. Heimamenn njóta sín vel við hefðbundnar veiðar á hefðbundnum veiðislóðum.

Til umhugsunar

Hvaða aðrar afleiðingar gætu orðið í þessari sögu að þínu mati?

Hver gætu orðið hugsanleg áhrif sögunnar á starfsumhverfi þitt?

Vestfirðir í sókn

Forsendur:

Hátt þekkingarstig og athafnir stjórnvalda byggja á forsendum heimamanna



Möguleg staða árið 2035

Öflugt alþjóðlegt atvinnulíf einkennir Vestfirði þar sem sköpunarkraftur og frumkvæði byggir á styrk heimamanna. Veruleg fjölskyldugun hefur átt sér stað enda er öll grunnþjónusta til fyrirmyndar. Uppbygging hennar nýtur ekki hvað síst viðhorfsbreytingar stjórnvalda. Umgengni um náttúruna byggir á sjálfbærni og rannsóknum. Sveitarfélögum hefur fækkað nokkuð og eru orðin öflugri og hafa í kjölfarið tekið að sér fleiri verkefni frá ríkinu.

Mannlíf á Vestfjörðum árið 2035

Öflugt lista- og menningarlíf einkennir gróskumikið mannlíf. Íbúum hefur fjölgað umtalsvert, einkum ungt fjölskyldufólk. Þrátt fyrir aukin lífsgæði er samfélagið ekki samstíga í þeim öra vexti sem einkennir svæðið.

Einkenni atvinnulífs

Alþjóðleg nýsköpun og tækniþróun einkennir svæðið þar sem veruleg sjálfvirkni-væðing á sér stað í framleiðslu og virðisauki í nýtingu hráefna. Þessi þróun byggir ekki hvað síst á möguleikum fjórðu iðnbyltingarinnar. Líftækni og þekkingar-sköpun á afurðum sjávarins hafa mikið að segja. Sterkur kjarni hefur byggst upp í tengslum við menningu og listir. Alþjóðaflugvöllur Vestfjarða gerir fyrirtækjum kleyft að senda vörur sínar beint á erlendan markað.

Hvernig gerðist þetta?

Þekkingarstig á svæðinu jókst til muna í kjölfar aukinnar áherslu á menntun og menntastofnanir á Vestfjörðum. Þá fóru fyrirtæki að auka samstarf sitt á sviðum rannsókna og þróunar sem leiddi af sér nýja sprota í frumframleiðslugreinum. Samhliða stuðningi opinberra aðila við innviðauppbyggingu hefur fengist aukið fjármagn til rannsókna og þróunar. Vestfirðir eru orðnir fyrirmyndar nýsköpunar-samfélag sem átti upptök í hugmyndafræði Blábankans um Stafræna flakkara.


Sviðsmyndin í hnotskurn

Alþjóðlegt þekkingar- og fjölmeningarsamfélag.

| Þættir | Vestfirðir í sókn |
|----------------------------|---|
| Viðmið / Forsendur | Hátt þekkingarstig og athafnir stjórnvalda. |
| Íbúa-samsetning | Mikil fjölgun íbúa. Stór hluti innflytjendur. Mikið af ungu fjölskyldufólki sem sækir í fjölbreytt atvinnulíf. |
| Nýsköpun og tækniþróun | Kraftur í allri þróun. Nýsköpun fyrirtækja og stofnana veruleg. Samstarf opinberra stofnana og atvinnulífs er umtalsvert og einkennir alla framþróun. |
| Atvinnugreinar sem þrífast | Öflugt þekkingarsamfélag. Atvinnugreinar einkennast af háu tæknistigi þar sem lögð er áhersla á hátt virði afurða. |
| Samgöngur | Öflugar samgöngur í flugi, landi og sjó. |
| Ímynd og aðráttarafli | Fjölmeningarlegt samfélag með brothætta innviði og ímynd. |
| Velferðarmál | Góð samfélagsleg þjónusta svo sem á sviði heilbrigðis- og menntamála. |
| Menning og samfélag | Alþjóðleg menning og ákveðin röskun í samfélaginu. Alþjóðleg tungumál einkenna svæðið. |
| Umhverfismál | Sterk umhverfisvitund sem byggir á rannsóknum. |
| Sjávarútvegur | Veruleg verðmætaukning í sjávarútvegi og tæknivæðing. |
| Sveitarfélög | Fækkun sveitarfélaga. Opinber þjónusta mætir þörfum heimamanna. Fjölgun skóla. |
| Það sem skiptir máli | Nýjar atvinnugreinar sem byggja á sérstöðu svæðisins sem grundvallast á erlendu sérhæfðu starfsfólki. |

Stórar spurningar svæðisins?

Næst að byggja upp samheldni samfélagsins á því blómaskeiði atvinnulífs sem það býr við?



Hvernig gerðist þetta – Tímalína

- Stjórnvöld setja aukið fé í svæðisbundna nýsköpun.
- Auknar útsvarstekjur.
- Sterkir innviðir byggjast upp. Bættar samgöngur og bætt heilbrigðisþjónusta.
- Áhersla á svæðisbundnar rannsóknir og listsköpun.
- Sveitarstjórnir móta skýra sýn um stefnu sveitarfélagana sem veitir þeim aukna sjálfstjórn í ýmsum málaflokkum.
- Gæði opinberrar þjónustu er til fyrirmyndar á landsvísu.
- Vegna verulegrar fólksfjölgunar koma fram samfélagslegir breistir, sem reynast sveitarfélögum erfiðir.
- Geta fyrirtækja og stofnana til umbóta og nýsköpunar eykst.
- Aukin verðamætasköpun úr staðbundnum hráefnum.
- Sveitarfélög sameinast og vinna frekar saman.
- Samfélagið einkennist af fjölbreytileika. Þróunin samt ekki allra.

VESTFIRÐIR ÁRIÐ 2035

Eftir öflugt uppbyggingarstarf og innleiðingu þeirra nýjunga sem einkenndu umræðuna við fjórðu iðnbyltingarinnar hafa Vestfirðir orðið vettvangur alþjóðavíðskipta einkum hvað varðar matvælaþróun og tækni í tengslum við fullvinnslu þeirra. Samhliða þessu hefur byggst upp gróskumikið mannlíf. Ekki eru allir á eitt sáttir við þróun mála, enda víða mörg álitamál uppi vegna hins öra vaxtar.


Til umhugsunar

Hvaða aðrar afleiðingar gætu orðið í þessari sögu að þínu mati?

Hver gætu orðið hugsanleg áhrif sögunnar á starfsumhverfi þitt?

Vestfirsk seigla

Forsendur: Hátt þekkingarstig og athafnaleysi stjórnvalda.



Möguleg staða árið 2035

Vegna frumkvæði einstakra aðila á Vestfjörðum hefur náðst að byggja aftur upp öflugt samfélag á svæðinu. Íbúum hefur fjölgað nokkuð ekki hvað síst vegna heimkomu brottfluttra Vestfirðinga. Grunnþjónusta svæðisins einkennist af einkavæðingu s.s. á sviði heilsugæslu og menntunar. Hluti af þessari þjónustu er í gegnum fjarvinnslu. Vestfirðingar eru í fararbroddi í umhverfismálum og ganga oft lengra á því sviði en opinberar kröfur gera.

Mannlíf á Vestfjörðum árið 2035

Mannlífið byggir á vestfirskri menningu og sterkri sjálfsmynd. Innflytjendum hefur fækkað hlutfallslega á landsvísi og lítill áhugi á að byggja upp fjölmenningsamfélag.

Einkenni atvinnulífs

Fiskveiðar og fiskeldi einkenna svæðið, mörg í eigu erlendra stórfyrirtækja. Uppbygging fyrirtækjanna einkennist af tæknivæðingu og klasastarfi.

Hvernig gerðist þetta?

Kröftugt einstaklingsframtak varð þess valdandi að íbúar fengu trú á að byggja upp Vestfirði á eigin forsendum. Stjórnvöld komu að umbótum í vegamálum eftir óskir íbúa þar um en hafa að öðru leyti lítið komið að frekari uppbyggingu á svæðinu.

Sviðsmyndin í hnotskurn

Kröftugt einstaklingsframtak og metnaðarfull fyrirtæki.


Stórar spurningar svæðisins?

Mun einstaklingsframtakið hafa úthald til áframhaldandi uppbyggingar svæðisins?

| Þættir | Vestfirsk seigla |
|-----------------------------------|---|
| Viðmið / Forsendur | Hátt þekkingarstig og athafnaleysi stjórnvalda. |
| Íbúa-samsetning | Nokkur fjölgun íbúa. |
| Nýsköpun og tæknipróun | Viðskiptadrifin tæknipróun sem byggir á klasasamstarfi. |
| Atvinnugreinar sem þrífast | Allnokkurt fiskeldi sem byggir á kostnaðarvitund og tæknivæðingu í eldismálum. Tæknifyrirtæki sem þjónusta hefðbundnar greinar. |
| Samgöngur | Nokkuð um umbætur í vegamálum á forsendum atvinnulífsins. |
| Ímynd og aðdráttarafl | Kröftugt einstaklingsframtak og metnaðarfull fyrirtæki. |
| Velferðarmál | Heilsugæsla byggir á verulegri fjarþjónustu. |
| Menning og samfélag | Vestfirsk menning, studd af öflugum fyrirtækjum. |
| Umhverfismál | Umhverfismál fá misjafnar áherslur eftir svæðum. |
| Sjávarútvegur | Fiskveiðar og vinnsla ásamt fiskeldi í eigu stórra aðila. |
| Sveitarfélög | Takmarkaðar tekjur sveitarfélaga og minni þjónusta þeirra. |
| Það sem skiptir máli | Frumkvæði heimamanna. Sterk sjálfsmynd. |

Hvernig gerðist þetta – Tímalína

- Þrátt fyrir afturköllun á fiskeldisleyfum er þó nokkur vöxtur í öðrum greinum vegna atbeina heimamanna.
- Lýðháskólanum gengur vel og er horft til hans um nýjungar í menntun.
- Stofnaðir eru iðngarðar í samstarfi við atvinnulífið og sveitarfélögin.
- Vegna samstarfs fyrirtækja í gengum klasa og í tengslum við erlenda aðila á sér stað nýsköpun á sviði matvæla og þá sérstaklega fiskeldis.
- Á sama tíma og stjórnvöld draga úr fjármagni til menntunar opnast möguleikar á því sviði í gegnum fjarnám sem starfrækt er af fyrirtækjum.
- Fyrirtæki og fjársterkir aðilar beita sér fyrir stofnun Nýsköpunarháskóla þar sem lögð er áhersla á menntun á sviði sjálfbærrar framleiðslu og vistvænna samfélaga.
- Norðurleiðasiglingar opnast. Aukin sóknartækifæri á Asíumarkaði fyrir vottuð matvæli.
- Öflugir frumkvöðlar með erlend tengsl koma fram með nýnæmi úr þangi og þara sem nær fótfestu víða á mörkuðum.



VESTFIRÐIR ÁRIÐ 2035

Eftir varnarbaráttu við upphaf síðasta áratugar fór atvinnulíf og samfélög á Vestfjörðum að byggjast upp. Nokkur uppbygging í fiskeldi og bættar samgöngur skiptu máli við að skapa trú á möguleikum svæðisins. Aukinn fjöldi sérhæfðra fyrirtækja á svæðinu hefur skapað grunn fyrir störf íbúa með sérþekkingu bæði í tæknigreinum og ekki hvað síst umhverfismálum.

Til umhugsunar

Hvaða aðrar afleiðingar gætu orðið í þessari sögu að þínu mati?

Hver gætu orðið hugsanleg áhrif sögunnar á starfsumhverfi þitt?

Samanburður áhrifaþátta eftir sviðsmyndum

| | Vestfirski þjóðgarðurinn | Aftur til fortíðar | Vestfirðir í sókn | Vestfirsk seigla |
|-----------------------------------|---|--|---|---|
| Viðmið / Forsendur | Lágt þekkingarstig og athafnir stjórnvalda. | Lágt þekkingarstig og athafnaleyssi stjórnvalda. | Hátt þekkingarstig og athafnir stjórnvalda. | Hátt þekkingarstig og athafnaleyssi stjórnvalda. |
| Íbúasamsetning | Hár meðalaldur og hátt hlutfall innflytjenda. Íbúafjöldi helst í stað eða fækkar. | Veruleg aukning innflytjenda. Öfugur aldurspiramídi. Sumarbústaðabyggð. | Mikil fjölgun íbúa. Meirihluti innflytjendur. Mikið af ungu fjölskyldufólki sem sækir í fjölbreytt atvinnulíf. | Nokkur fjölgun íbúa. |
| Nýsköpun og tækniþróun | Lítill staðbundin nýsköpun en nokkur tækniþróun. | Lítill nýsköpun og tækniþróun á afmörkuðum sviðum. | Kraftur í allri þróun. Nýsköpun fyrirtækja og stofnana veruleg. Samstarf opinberra stofnana og atvinnulífs er umtalsvert og einkennir alla framþróun. | Viðskiptadrifin tækniþróun sem byggir á klasasamstarfi. |
| Atvinnugreinar sem þrífast | Frumframleiðslugreinar, umtalsverð ferðaþjónusta. | Frumframleiðsla, fiskeldi með áherslu á magn, takmörkuð ferðaþjónusta, sérsniðinn fyrir jaðarhópa. | Öflugt þekkingarsamfélag. Atvinnugreinar einkennast af háu tæknistigi þar sem lögð er áhersla á hátt virði afurða. | Allnokkurt fiskeldi sem byggir á kostnaðarvitund og tæknivæðingu í eldismálum. Tæknifyrirtæki sem þjónusta hefðbundnar greinar. |
| Samgöngur | Góðar vegasamgöngur en aðrar takmarkaðar. | Stöðnun í samgöngumálum, holóttir vegir. | Öflugar samgöngur í flugi, landi og sjó. | Nokkuð um umbætur í vegamálum á forsendum atvinnulífsins. |
| Ímynd og aðdráttarafl | Hrein náttúra, kyrrð og útvist. | Strjálbýli, gamla Ísland, lítið áreiti. | Fjölmenningarlegt samfélag með brothætta innviði og ímynd. | Kröftugt einstaklingsframtak og metnaðarfull fyrirtæki. |
| Velferðarmál | Aukin þörf félagslegra úrræða. | Lítill svæðisbundin grunnþjónusta, fjarþjónusta. | Góð samfélagsleg þjónusta svo sem á sviði heilbrigðis- og menntamála. | Heilsugæsla byggir á verulegri fjarþjónustu. |
| Menning og samfélag | Listalíf og náttúruviðburðir. | Handverk og nægjusemi. | Alþjóðleg menning og ákveðin röskun í samfélaginu. Alþjóðleg tungumál einkenna svæðið. | Vestfirsk menning, studd af öflugum fyrirtækjum. |
| Umhverfismál | Strangar umhverfisreglur gilda um Vestfirði. | Ósjálfbær þróun og hætta á umhverfisslysum. | Sterk umhverfisvitund sem byggir á rannsóknum. | Umhverfismál fá misjafnar áherslur eftir svæðum. |
| Sjávarútvegur | Áhersla á veiðar, lítil vinnsla. Bann við fiskeldi vegna umhverfiskrafna. | Fiskveiðar og fiskeldi. Hægir á tækniþróun. | Veruleg verðmætaaukning í sjávarútvegi og tæknivæðing. | Fiskveiðar og vinnsla ásamt fiskeldi í eigu stórra aðila. |
| Sveitarfélög | Opinberar kröfur um samningu sveitarfélaga. Mikil opinber þjónusta. | Samdráttur í tekjum og þjónustu. | Fækkun sveitarfélaga. Opinber þjónusta mætir þörfum heimamanna. Fjölgun skóla. | Takmarkaðar tekjur sveitarfélaga og minni þjónusta þeirra. |
| Það sem skiptir máli | Einhæft líf, árstíðarbundnir viðburðir. Brothætt byggð. | Lítill samfélög og samstaða íbúa. | Nýjar atvinnugreinar sem byggja á sérstöðu svæðisins sem grundvallast á erlendu sérhæfðu starfsfólki. | Frumkvæði heimamanna. Sterk sjálfsmynd. |

Nýting sviðsmynda

Ákvarðanir sem teknar eru í dag geta haft áhrif um langa framtíð. Sviðsmyndir nýtast á fjölbreytilegan hátt meðal annars við að útvíkka sýn stjórnenda, starfsmanna og annarra hagaðila og gera þeim kleift að horfa lengra fram í tímann og taka stærri ákvarðanir með hliðsjón af áhættum í ólíkum framtíðum.

Vandamál samfélaga, fyrirtækja eða stofnana er oft skilningsleysi á þeim áskorunum sem eru við sjónarrönd. Oft er rætt um að framtíðin sé stefnulaust fley þegar við stöndum í auga stormsins, en þá þarf djarfa sýn og frumkvæði til að nýta til uppbyggingar.

Sviðsmyndir nýtast sérstaklega við stefnumótun á ýmsum sviðum samfélagsins, mat á valkostum við byggðapróun og í skipulagsmálum. Einnig hefur aðferðin verið nýtt við að móta og leggja mat á tækifæri til nýsköpunar, meðal annars að kortleggja framtíðarógn rekstrar og til að geta gripið tímanlega þau tækifæri sem framtíðarstraumar bera í skauti sér. Hér eru nokkur dæmi um nýtingu sviðsmynda:

Að meta og velja stefnu

Sviðsmyndir eru góður bakgrunnur fyrir mat á stefnu og stefnumótandi ákvörðunum. Hægt er að skoða hugsanlegar afleiðingar miðað við margar breytilegar forsendur.

| Ólíkar sviðsmyndir | | | |
|---------------------------|--------------------|-------------------|------------------|
| | Mynd A | Mynd B | Mynd C |
| Fjölbreytni í samfélaginu | +++ Skýring ... | -- Skýring ... | + Skýring ... |
| Menntun | --- Skýring ... | + Skýring ... | - Skýring ... |
| Ímynd | - Skýring | ? Skýring ... | + Skýring ... |
| Velferð | + Skýring ... | + Skýring ... | + Skýring ... |

Myndin sýnir hvernig meta má valkosti í sambandi við tiltekna ákvörðun út frá mismunandi sviðsmyndum. Aðgerð sem gengur vel upp í tiltekinni sviðsmynd fær plúsa, aðgerð sem virkar ekki, eða virkar neikvætt, fær mínusa og aðgerðir sem óvissa ríkir um fá spurningarmerki.

Að fá heildstæða mynd af upplýsingum um framtíðina

Sviðsmyndaadferðin hentar vel til að setja saman bæði tölulegar upplýsingar og huglæg mat á þáttum í heildstæðar myndir. Með því að skoða umhverfið á kerfisbundinn hátt fá menn nýja yfirsýn.

Að kanna og koma auga á nýja framtíðarmöguleika

Með því að skyggjast inn í framtíðina geta fyrirtæki betur áttað sig á því hvaða þættir í rekstrarumhverfinu skipta mestu máli til lengri tíma litið og komið sér upp kerfi til að fylgjast með breytingum á þeim.

Að koma af stað og örva skapandi umræðu.

Loks má nefna þann eiginleika aðferðarinnar að koma af stað skapandi umræðu um ýmis álitamál hvort heldur fyrir tiltekinn rekstur eða samfélag. Slík umræða skapar skilning á ólíkum sjónarmiðum og flýtir fyrir breytingum og umbótum.

| Sviðsmynd I | Sviðsmynd II | Sviðsmynd III | Sviðsmynd I |
|--|--|--|--|
| Tækifæri A Tækifæri B Tækifæri H | Tækifæri G Tækifæri B Tækifæri H | Tækifæri G Tækifæri J Tækifæri C | Tækifæri A Tækifæri B Tækifæri H |
| Ógnun D Ógnun E Ógnun F | Ógnun I Ógnun E Ógnun F | Ógnun D Ógnun E Ógnun K | Tækifæri G Tækifæri J Tækifæri C |
| | | | Ógnun D Ógnun E Ógnun F |
| | | | Ógnun K Ógnun I |

Myndin sýnir hvernig greina má ógnanir og tækifæri í hverri sviðsmynd. Síðan er niðurstöðunum slegið saman og kannað hvaða þættir koma fyrir í fleiri en einni mynd.

Spáðu um þróunina

Fylltu út töfluna – fyrir þig eða þitt samfélag. Árið er 2035. Bættu við nýjum viðmiðum/forsendum til að spegla nýja þætti í sviðsmyndunum.

| Þættir | Vestfirski þjóðgarðurinn | Aftur til fortíðar | Vestfirðir í sókn | Vestfirsk seigla |
|----------------------------|---|---|---|---|
| Viðmið / Forsendur | Lágt þekkingarstig og athafnir stjórnvalda. | Lágt þekkingarstig og athafnaleysi stjórnvalda. | Hátt þekkingarstig og athafnir stjórnvalda. | Hátt þekkingarstig og athafnaleysi stjórnvalda. |
| Íbúa-samsetning | | | | |
| Nýsköpun og tækniþróun | | | | |
| Atvinnugreinar sem þrífast | | | | |
| Samgöngur | | | | |
| Ímynd og aðdráttarafli | | | | |
| Velferðarmál | | | | |
| Menning og samfélag | | | | |
| Umhverfismál | | | | |
| Sjávarútvegur | | | | |
| Sveitarfélög | | | | |
| Það sem skiptir máli | | | | |

Á KROSSGÖTUM



Viðaukar

Gagnasöfnun: Netkönnun, viðtöl, vinnustofur og þátttakendur

Gagnasöfnun í verkefninu fólst annars vegar í því að skoða fyrirbyggjandi gögn um búsetu og byggðapróun en jafnframt var gerð netkönnun og viðtöl tekin við hogaðila og aðila í samfélaginu sem hafa haft áhuga atvinnu- og mannlífi innan Vestfjarða. Megin gagnasöfnunin var hins vegar gerð í gegnum tvær vinnustofur sem haldnar voru á verkefnistímanum.

Netkönnun

Þátttaka í netkönnun verkefnisins fór fram úr vonum en alls tóku tæplega 200 íbúar þátt í könnuninni. Verulegt magn af upplýsingum safnaðist því saman við úrvinnslu könnunarinnar sem notaðar voru síðan í vinnustofur verkefnisins. Netkönnunin var send út á netfangalista en var opin á vefsvæðum sveitarfélaganna á meðan á verkefninu stóð.

Viðtöl

Alls voru tekin 15 viðtöl við sveitarstjórnarfólk, einstaklinga úr atvinnulífinu og aðra sem hafa látið til sín taka varðandi þróun atvinnu- og mannlífs á Vestfjörðum.

Vinnustofur

Haldnar voru tvær vinnustofur. Vinnustofa sem fólust í að skoða fyrirbyggjandi gögn og móta megnndrífkraftana sem unnið var síðan með í verkefninu. Alls tóku 11 aðilar þátt í þessum fyrri fundi, aðallega sveitarstjórnarfólk og aðilar sem tengjast Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Síðari fundurinn var mun fjölmennari, svo nefnt sviðsmyndaverkstæði og tóku alls 73 aðilar þátt í þeirri vinnu.

Þátttakendur

Í seinasta viðauka er listi yfir aðila sem tóku þátt í vinnuferlinu fyrir utan þau sem tóku þátt í netkönnunni en hún var gerð nafnlaust.

V1 : Samfélag á tímamótum – tilvísanir og viðhorf viðmælenda

Stór þáttur í undirbúningi verkefnisins var að taka viðtöl við aðila víðsvegar á Vestfjörðum um viðhorf þeirra til einstakra atriða er snúa að þróun atvinnu- og mannlífs fyrr á tímum og til ársins 2035. Hér birtast nokkur atriði frá viðtölunum sem voru ofarlega í huga viðmælenda. Ekki er lagt mat á viðhorf sem fram komu en þau sett hér fram til umhugsunar.

- Ferðapjónustumarkaðurinn sigldi fram hjá Vestfjörðum.
- Menn fóru að skoða ólíkar veiðar, fræ og sprota, svo sem Kerecis og kræklingarækt. Það vantaði aldrei baráttuandann en ytra umhverfið var ekki hliðholt, það var ekki ýtt undir það.
- Stærsti þröskuldurinn er nú eins og áður, það vantar alvöru byggðastefnu.
- Það vantar ekki lífsgæði, nálægð við náttúruna. En það er markaðsbrestur sem þarf að jafna. Gera meira en gert er í dag. Það þarf að gera meira.
- Akurinn er þarna, en það eru girðingar þarna sem þarf að rífa niður.
- Hugarfarsbreyting. Höfuðborgin þarf að vilja hafa sterka landsbyggð. Við viljum búa á svæðinu og hafa líf þar. Menn vilja sjá sjálfbærni og ekki vera í neinni ölmusu.
- Ofmetin íbúafækkun – ekki eins og fyrir var spáð.
- Hnignun verið lengi hér og menn bjuggust við náðarhögginu.
- Vestfjarðagöng styrktu Ísafjörð alveg gríðarlega mikið. Áhrif ganganna vanmetin.
- Gríðarleg gæði að láta landið verða ósnortið.
- Ótal tækifæri ef menn hætta að reyna að vera alltaf að bjarga Vestfjörðum.
- Ímyndin var um harðbýlt svæði og fólksfækkun.
- Menning og tónlist hefur loðað við Ísafjörð.
- Mörkin eiga eftir að breytast. Það verða ekki eins skörp skil milli heilsársbúsetu og sumarhúsa.
- Einsleitnin í borgum getur hjálpað minni samfélögum – fyrir þá sem hugsa öðruvísi.
- Ísafjörður hefur alltaf verið meira en verstöð, menningarbær. Fjarlægðin frá Reykjavík hefur gert það að verkum að menningin hefur blómstrað.
- Mikil ósamstaða meðal sveitarstjórnarmanna hér áður. Eigum enn langt í land, þó það hafi batnað. Sveitarfélögin við Djúp þurfa að sameinast.
- Samgöngumál hafa gengið miklu hægar en vonir stóðu til. Til dæmis þegar kemur að vegalagningu á sunnanverðum Vestfjörðum. Jákvæð mál eins og Dýrafjarðargöng og Bolungarvíkurgöng

- Mennt höfðu væntingar til þorskeldis sem ekki varð en laxeldi er að koma í staðinn.
- Mennt höfðu væntingar til Glámuvirkjunar um aldamótin (67 megavött). Fór ekki inn í rammaáætlun – hræðsla við Dynjanda. Það gekk ekki eftir. Hagkvæmni orkukosta hefur verið erfið á Vestfjörðum. Flutningskerfi raforku er erfitt.
- (Árið 2035 verður búið að virkja og Hvalá (55mwh) verði komin inn. Austurgilsvirkjun (30mwh) er í athugun. Skúfnavatnavirkjun (15mwh)).
- Samgöngur milli norðanverðra og sunnanverðra Vestfjarða munu hafa verulega jákvæð áhrif á þróun mannlífs og atvinnulífs.
- Íbúafjöldinn verður 8-10 þús. manns. Þarf að setja þetta sem markmið. Nýta þarf innviðina betur og þess vegna þarf fleira fólk.
- Fjarar undan byggðinni. Varnarbarátta. En nú er margt að hjálpa svæðinu. Fjölbreytileiki í dag stað einnar lausnar. Fiskeldi, Blábankinn, alls konar vettvangur fyrir fólk til að skapa, Lýðháskóli. Víðari hugsun á hlutina.
- Sjálfbær ferðaþjónusta sem gerir út á svæðið, samfélagslega miðuð. Samfélagsleg, umhverfisleg og hagfræðileg nálgun á uppbyggingu atvinnuvega.
- Stækka friðlandið á Hornströndum, Látrabjargi og breytast í þjóðgarða. Framtíðarsýnin að þetta verði í eigu ríkisins sem almenningur.
- Vonir voru bundnar við landbúnað, frekari vinnslu og þróun, en það hefur lítið gerst í þeim málum.
- Strandasvæðið er taka skellinn núna. Suðursvæðið er búið að taka skellinn. Spurning hvenær norðursvæðið tekur skellinn.
- Ferðaþjónustan var ekki tekin sem alvöru atvinnugrein fyrir 15 árum, til ánægju eða sem aukavinna.
- Fjarþjónusta og fjarvinna hefur ekki orðið eins og menn héldu. Vantaði tengingar og innviði.
- Hornstrandir verða þjóðgarður. Það verður ákveðin uppbyggingarstarfsemi í þjóðgarðinum sem vinnur með fólki, unnið með atvinnulíf og fólk.
- Vestfirðir eru útnárasvæði í dag en verða eftirsóknarverðir í framtíðinni.

V2 : Viðbótarefni frá vefkönnun

Eins og fram hefur komið var verulega góð þátttaka í vefkönnun verkefnisins. Í könnuninni voru þrjár opnar spurningar. Þátttakendur nýttu sér þær vel til að koma sínum hugmyndum á framfæri og rúmlega 200 ábendingar bárust í tengslum við spurningarnar. Margar ábendingarnar voru af sama meiði og birtast hér nokkrar sem taldar eru sameina umrædd viðfangsefni.

Hvaða nýjar kröfur telur þú að nýjar kynslóðir geri til búsetuskilyrða á Vestfjörðum árið 2035?


- Gott netsamband, góðar samgöngur, öryggi á afhendingu á orku.
- Gott aðgengi að menntun og störfum fyrir fólk með mismunandi menntun. Umhverfi sem styður við nýsköpun og frumkvöðlastarf. Umhverfi sem er ekki háð stóriðju. Sjálfbærni og umhverfisvernd.
- Næg atvinna/stytttri vinnutími. Afþreying í menningu og listum svo og líkamsrækt/íþróttir.
- Húsnæði í lagi og samgöngur batni verulega. Traust og fjölbreytt atvinnulíf. Ódýrari flugfargjöld.
- Heilbrigðisþjónusta, samgöngur og að góðir skólar og leikskólar séu á svæðinu og að fjarskiptin séu góð, einnig að allir fái vinnu við sitt hæfi.
- Lægri skattbyrði þeirra sem búa á jaðarsvæðum, niðurgreiðsla á flugsamgöngum til Reykjavíkur.
- Ég held að framboð á þjónustu skipti miklu máli varðandi búsetuskilyrði fyrir ungt fólk (þjónusta sveitarfélaga eins og leikskóli, skóli, íþróttastaða). Ungt fólk í dag lifir ekki bara fyrir vinnuna heldur vill búa á stöðum sem hafa upp á eitthvað meira að bjóða.
- Að aðgengi að þjónustu og afþreyingu sé til jafns við aðra landshluta. Svæðið bjóði upp á sérstöðu og verði töff og laði að Íslendinga og útlendinga.
- Nýjar kynslóðir gera sömu kröfur og þær eldri. Betri samgöngur, góðir skólar, góð heilbrigðisþjónusta, góður aðbúnaður eldra fólks, góð nettenging og skemmtilegt mannlíf.
- Menntun á öllum skólastigum, frá dagvistun til framhaldsmenntunar – útivist/afþreying innan seilingar – hentugt húsnæði, hvort heldur til kaups eða möguleiki á lóðaúthlutun til að byggja – samgöngur, svo sem engar nýjar kröfur. Fjölbreytt atvinnulíf skiptir máli líka. Að finna að það sé hægt að efla sig, að stutt sé við góðar hugmyndir.
- Hrein náttúra, tækni, sami kostnaður við húshitun og annarsstaðar á landinu, bættar flugsamgöngur og ódýrari stuðningur við nýsköpun, góð þjónusta við barnafjölskyldur og frelsi til veiða.
- Efling innviða, öryggi, hreint og gott umhverfi, fjölbreytt atvinnulíf, öflug menningarstarfsemi og önnur afþreying t.d. íþróttir, opnir stjórnarhættir sem eru í nálægð við íbúa.
- Þeir sem njóta lífs í smærri samfélögum, með þeim kostum og göllum sem það hefur, munu hugsanlega vilja búa á Vestfjörðum ef viðunandi atvinnutækifæri eru fyrir hendi. Atvinnutækifæri munu ekki skipta þá máli sem gætu ekki hugsað sér að búa í litlum samfélögum.

Hvar á Vestfjörðum telur þú að stofna eigi þjóðgarð(a)?

- Stækka friðlandið á Hornströndum, Látrabjarg sem dæmi.
- Hornstrandir og Jökulfirðir, ef til vill Rauðasandur, Breiðavík og Hornbjarg. Fjölmörg smærri náttúruvætti.
- Allir Vestfirðir eiga að vera þjóðgarður.
- Látrabjargi og á öllum kjálkanum þar í kring inn í botn Patreksfjarðar, Reykhólahreppi vestan við Þorskafjörð, Hornströndum og Ströndum norðan Hólmavíkur.
- Stækka núverandi þjóðgarð Hornstranda suður til Steingrímsfjarðar og allt inndjúpið norðanmegin að botni Ísafjarðar.
- Það má stækka Hornstrandafriðlandið og gera þjóðgarð þar, passa að gera það án þess að útiloka bestu möguleika á nýtingu hagkvæmra kosta til orkuöflunar. Látrabjarg og nágrenni er líka góður kostur fyrir þjóðgarð. Mjög mikilvægt er að finna jafnvægi á milli nýtingar og verndunar náttúrunnar, sem er það verðmætasta sem Vestfirðirnir eiga.
- Norður-Strandir tengt Hornströndum, Látrabjarg, Inndalir Arnarfjarðar og hálendið upp af, Vestfirsku alparnir á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Og hvers vegna ekki þjóðgarð á hafi úti t.d. í Ísafjarðadjúpi eða við Húnaflóa.

Í vefkönnuninni var spurt hvort stofna ætti þjóðgarð(a) á Vestfjörðum.

Niðurstaðan var eftirfarandi:




Hvað telur þú að sveitarfélög á svæðinu þurfi að gera til að styðja við uppbyggingu atvinnu- og mannlífs á Vestfjörðum í framtíðinni?

- Auka nettengingu og raföryggi og bæta almenningssamgöngur.
- Afsláttur/niðurfelling á aðstöðugjöldum s.s. fasteignagjöldum og gatnagerðargjöldum. Einnig framboð af leiguhúsnæði fyrir starfsmenn og aðra sem vilja flytja en treysta sér ekki í húsnæðis kaup eða byggingar alveg strax.
- Sameina sveitarfélög í takt við bættar samgöngur. Byggja undir sérhæfingu svæða. Vinna með sérstöðu á hverjum stað. Til dæmis: náttúru, sögu, menningu, náttúruauðlindir. Styrkja grunninviði eins og skóla og heilsugæslu í takt við íbúafjölda og nýta tækni (og fjarvinnu/fjarlækningar o.fl.) til þess.
- Greiða fyrir nýsköpun. Sækja hart að stjórnvöldum um byggðastefnu til handa Vestfjörðum.
- Stuðla að menntun á háskólastigi í heimabyggð.
- Skipuleggja samtal og þróun á milli fyrirtækja og sveitarfélaga
- Sveitarfélög þurfa að ræða saman um aukna samvinnu og fleiri sameiningar, í framtíðinni ættu að vera hámark 2 sveitarfélög á Vestfjörðum, vestanverð og austanverð staðsetning.
- Hafa trú á því sem þau eru að gera.
- Sveitarfélög þurfa að vera samkeppnishæf í þeirri þjónustu og aðstöðu sem þau hafa upp á að bjóða til þess að styðja við uppbyggingu mannlífs.
- Vera opinn fyrir nýjungum, að magn sé ekki endilega það sama og gæði, beita sér áfram fyrir góðum og sterkum innviðum. Bjóða nýtt fólk velkomið.
- Byggja upp jákvæða ímynd af Vestfjörðum og leggja áherslu á eina heild þ.e. eitt atvinnu- og menningarsvæði.
- Berjast fyrir afnámi kvótakerfisins. Byggja heppilegt húsnæði fyrir unga sem aldna. Sama hvernig árar í þjóðfélaginu.
- Sveitarfélögin geri þá kröfu að lagður verði skattur á sjókvíaeldi og þær tekjur verði nýttar til uppbyggingar atvinnu- og mannlífs. Jafnframt verði lagt fast á stjórnvöld um að klára samgöngumál inn og út af Vestfjörðum
- Fyrst og fremst þurfa sveitarfélög að vera fjárhagslega heilbrigð. Jafnframt þarf innra skipulag sveitarfélaga að vera straumlínulagað og nógu öflugt til að afgreiða umsóknir og veita leiðsögn að árangursríkri uppbyggingu fyrirtækja s.s. starfsleyfi, bygginga- og framkvæmdaleyfi o. s. frv.
- Vinna t.d. að komum skemmtiferðaskipa í sátt við íbúa. Ef tekjur hafnarinnar af þessum skipakomum fara í að stækka höfnina til að geta tekið á móti sífellt stærri skipum þá erum við komin í víthring. Það þarf að huga að innviðum, einnig að stýra þessu betur. Vonandi verður þetta ekki farið úr böndunum árið 2035.
- Stoppa laxeldi í sjó strax áður en það skemmir meira og færa það upp á land. Styðja við og læra af fyrirtækjum eins og Kerecis sem hefur undanfarin ár próað lækningavörur úr þorskroði.
- Klára ferlið um „umhverfivottun Vestfjarða“ og hverfa af þeirri braut sem samrýmist því ekki.
- Fókusa á grænar lausnir í uppbyggingu í atvinnu á svæðinu, því það verður krafa komandi kynslóða.
- Stefnumótun og eftirfylgni hennar. Láta fagleg sjónarmið ráða ferðinni og ekki pólitík. Fá hæfustu hugsuðina með í vinnuna.
- Stutt sé við bakið á nýsköpunar- og tæknifyrirtækjum, þung áhersla lögð á umhverfismál, hlúð að menningu og mannlífi, markvisst unnið að því að fá frumkvöðla til svæðisins.
- Að á Vestfjörðum verði 3 til 4 sveitarfélög, sem verða þá öflugri, skaffa húsnæði fyrir smáiðnað sem síðan gæti keypt húsnæðið ef vel gengur og margt annað.


V3 : Viðbótarefni frá vefkönnun

Í netkönnun verkefnisins tóku rúmlega 200 aðilar þátt.

Mikilvægustu þættirnir fyrir þróun atvinnu- og mannlífs á Vestfjörðum



Hversu stóran hlut munu eftirfarandi þættir spila í atvinnu- og mannlífi á Vestfjörðum 2035?



Hvernig telur þú að þetta verði árið 2035 samanborið við daginn í dag?



V4 : Þátttakendur í verkefninu

Viðtöl voru tekin við eftirfarandi aðila

| | |
|-------------------------------|---|
| Arnar Sigurðsson | Verkefnastjóri Blábankans á Þingeyri |
| Bryndís Friðgeirsdóttir | Verkefnastjóri Rauða kross Íslands |
| Elías Guðmundsson | Framkvæmdastjóri Fisherman á Suðureyri |
| Elías Jónatansson | Orkubússtjóri |
| Gauti Geirsson | Nemi í Tromsø |
| Guðrún Anna Finnbogadóttir | Gæðastjóri Odda á Patreksfirði |
| Heiðrún Tryggvadóttir | Áfangastjóri Menntaskólans á Ísafirði |
| Helena Jónsdóttir | Skólastjóri Lýðháskólans á Flateyri |
| Ingibjörg Birna Erlingsdóttir | Fyrirverandi sveitarstjóri á Reykhólum |
| Keran Stueland Ólason | Ferðaþjónustubóndi í Breiðuvík |
| Kjartan Árnason | Arkitekt á Glámu Kím á Ísafirði |
| Neil Shiran Þórisson | Fjármálastjóri Arctic Fish |
| Peter Weiss | Forstöðumaður Háskólaþess Vestfjarða |
| Sigríður Gísladóttir | Sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun |
| Viktoría Rán Ólafsdóttir | Kaupfélagstjóri Kaupfélags Steingrímsfjarðar á Hólmavík |

Þátttakendur á vinnustofum

| | |
|--------------------------------|---|
| Aðalbjörg Sigvaldadóttir | Sveitarstjórnarfulltrúi Strandabyggðar |
| Aðalsteinn Egill Traustason | Hraðfrystihúsið Gunnvör |
| Aðalsteinn Óskarsson | Starfsmaður Vestfjarðastofu |
| Agnes Arnardóttir | Starfsmaður Vestfjarðastofu |
| Anna Sigríður Jörundsdóttir | Dropi í Bolungarvík |
| Anton Helgason | Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða |
| Arna Lára Jónsdóttir | Bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar |
| Aron Guðmundsson | Bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar |
| Árný Huld Haraldsdóttir | Sveitarstjórnarfulltrúi Reykhólahrepps |
| Ásta María Sverrisdóttir | Kerecis á Ísafirði |
| Baldur Smári Einarsson | Bæjarfulltrúi Bolungarvíkur |
| Berglind Eir Egilsdóttir | Sveitarstjórnarfulltrúi Tálknafjarðarhrepps |
| Birna Lárusdóttir | Upplýsingafulltrúi Vesturverks |
| Bjarnveig Guðbrandsdóttir | Sveitarstjórnarfulltrúi Tálknafjarðarhrepps |
| Bryndís Sigurðardóttir | Sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps |
| Daníel Jakobsson | Bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar |
| Díana Jóhannsdóttir | Starfsmaður Vestfjarðastofu |
| Elfa Svanhildur Hermannsdóttir | Fræðslumiðstöð Vestfjarða |
| Elías Jónatansson | Orkubú Vestfjarða |
| Elísabet Samúelsdóttir | Bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar |
| Elsa Borgþórsdóttir | Sveitarstjórnarfulltrúi Súðavíkurhrepps |
| Eva Sigurbjörnsdóttir | Sveitarstjórnarfulltrúi Árneshrepps |
| Finnur Ólafsson | Sveitarstjóri Kaldranahrepps |
| Gerður Sveinsdóttir | Fjármálastjóri Vesturbyggðar |
| Gísli Jón Hjaltason | Vestri ehf. |
| Guðbjörg Bergmundsdóttir | Sveitarstjórnarfulltrúi Súðavíkurhrepps |
| Guðbjörg S. Hafþórsdóttir | Bæjarfulltrúi Bolungarvíkur |
| Guðmundur Gunnarsson | Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar |
| Guðrún Anna Finnbogadóttir | Oddi á Patreksfirði |
| Hafdís Gunnarsdóttir | Bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar |
| Hannes Hrafn Haraldsson | Símaverið á Ísafirði |
| Haukur Sigurðsson | Blábankinn |

| | |
|-------------------------------|---|
| Helena Jónsdóttir | Lýðháskólinn á Flateyri |
| Helga Jónsdóttir | Bæjarfulltrúi Bolungarvíkur |
| Hólmfríður Vala Svavarsdóttir | Stjórn Vestfjarðastofu |
| Iða Marsibil Jónsdóttir | Bæjarfulltrúi Vesturbyggðar |
| Ingibjörg Benediktsdóttir | Sveitarstjórnarfulltrúi Strandabyggðar |
| Ingólfur Árni Haraldsson | Sveitarstjórnarfulltrúi Reykhólahrepps |
| Jamie Lee | Nesskel Reykhólum |
| Jóhann Örn Hreiðarsson | Sveitarstjórnarfulltrúi Tálknafjarðarhrepps |
| Jóhanna Ösp Einarsdóttir | Sveitarstjórnarfulltrúi Reykhólahrepps |
| Jón Árnason | Bæjarfulltrúi Vesturbyggðar |
| Jón Árni Sigurðsson | Gullsteinn Reykhólahreppi |
| Jón Gísli Jónsson | Sveitarstjórnarfulltrúi Strandabyggðar |
| Jón Páll Hreinsson | Bæjarstjóri í Bolungarvík |
| Jón Örn Pálsson | Stjórn Vestfjarðarstofu |
| Karl Ásgeirsson | Skaginn 3X |
| Karl Kristjánsson | Sveitarstjórnarfulltrúi Reykhólahrepps |
| Katrín Pálsdóttir | Bæjarfulltrúi Bolungarvíkur |
| Kristín Ósk Jónasdóttir | Umhverfisstofnun |
| Kristján Jón Guðmundsson | Bæjarfulltrúi Bolungarvíkur |
| Kristján Óskar Ástvaldsson | Holt-inn Önundarfirði |
| Kristján Jóakimsson | Stjórn Vestfjarðastofu |
| Lilja Magnúsdóttir | Sveitarstjórnarfulltrúi Tálknafjarðarhrepps |
| Lína Björg Tryggvadóttir | Starfsmaður Vestfjarðastofu |
| Magnea Garðarsdóttir | Starfsmaður Vestfjarðastofu |
| María Maack | Starfsmaður Vestfjarðastofu |
| María Ósk Óskarsdóttir | Bæjarfulltrúi Vesturbyggðar |
| Marzellíus Sveinbjörnsson | Bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar |
| Nanný Arna Guðmundsdóttir | Bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar |
| Neil Shiran Þórisson | Stjórn Vestfjarðastofu |
| Pétur Markan | Stjórn Vestfjarðastofu |
| Rebekka Hilmarsdóttir | Bæjarstjóri Vesturbyggð |
| Sif Huld Albertsdóttir | Bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar |
| Sigríður Kristjánsdóttir | Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu |
| Sigurður Hreinsson | Bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar |
| Silja Baldvinsdóttir | Starfsmaður Vestfjarðastofu |
| Skúli Gautason | Starfsmaður Vestfjarðastofu |
| Steinn Ingi Kjartansson | Sveitarstjórnarfulltrúi Súðavíkurhrepps |
| Stephen Midgley | Melrakkasetur Íslands |
| Tryggvi Haraldsson | Sveitarstjóri Reykhólahrepps |
| Víðir Björnsson | Nesskel Reykhólum |
| Þorgeir Pálsson | Sveitarstjóri Strandabyggðar |
| Þórarinn Bjartur Breiðfjörð | Fab Lab Ísafjörður |
| Þórdís Sif Sigurðardóttir | Bæjarritari Ísafjarðarbæjar |
| Þórkatla Soffía Ólafsdóttir | Bæjarfulltrúi Vesturbyggðar |

Verkefnið var unnið fyrir:



Vestfjarðastofa

Vestfjarðastofa er sjálfseignarstofun sem tók við verkefnum sem Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og Fjórðungssamband Vestfirðinga sinntu áður. Undir Vestfjarðastofu heyrir einnig Markaðsstofa Vestfjarða og menningarfulltrúi Vestfjarða. Stofnfundur Vestfjarðastofu var 1. desember 2017.

Tilgangur Vestfjarðastofu er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Vestfjörðum og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnu- og byggðapróun, frumkvöðlastarfsemi og menningu í viðum skilningi.

Markmið Vestfjarðastofu er að efla atvinnulíf á Vestfjörðum, stuðla að velferð íbúa og styrkja Vestfirði sem búsetukost og áfangastað ferðamanna. Markmiði sínu hyggst Vestfjarðastofa ná með öflugum samstarfi atvinnulífs, sveitarfélaga, ríkisvalds og stoðkerfis hins opinbera..

Verkefnið var unnið af:



Um Framtíðarsetur Íslands

Hlutverk félagsins er að vera leiðandi þjónustu- og rannsóknarsetur á sviði framtíðarfræða hérlendis í öflugum samstarfi við fyrirtæki og stofnanir hérlendis sem og erlendis. Jafnframt að vera virkur þátttakandi í rannsóknarverkefnum er varða samfélagstengda framtíðarþróun og önnur samfélagsverkefni og vinna að sjálfstæðum og framsæknum verkefnum á ýmsum sviðum framtíðarfræða.

Aðilar að Framtíðarsetri Íslands eru:



Skýrsluhöfundar:

Karl Friðriksson

Karl Friðriksson er starfandi stjórnarformaður Framtíðarseturs Íslands og er jafnframt forstöðumaður hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Hann er hagfræðingur að mennt frá University of London. Karl hefur viðtæka reynslu sem stjórnandi fyrirtækja og ráðgjafi, einkum á sviði framtíðarfræða, stefnumótunar, verkefnastjórnunar og markaðsmála.

Sævar Kristinsson

Sævar Kristinsson er stjórnunar- og rekstrarráðgjafi hjá KPMG Ráðgjöf með stefnumótun og framtíðarfræði sem sérsvið. Sævar hefur í störfum sínum sem ráðgjafi unnið með mörgum helstu fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum landsins. Hann hefur jafnframt komið reglulega að kennslu á háskólastigi á sérsviðum sínum.